Fuglarnir verpa fyrr en áður

Fréttir ➤ 6



Tvítugur Laddi væri í tónlist

Lífið ➤ 18



FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

FRÉTTABLAÐIÐ

66. TÖLUBLAÐ 22. ÁRGANGUR | frettabladid.is | ÞRIÐJUDAGUR 5. APRÍL 2022



Breska flugmóðurskipið Prince of Wales, sem er á heimleið frá Noregi eftir æfinguna Cold Response hjá Atlantshafsbandalaginu, hafði stutta viðkomu við Skarfabakkann. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Ein versta orkunýting heims á Íslandi

**Orkunýting Íslendinga er ein sú versta meðal þjóða heims en ástæðuna segir framkvæmdastjóri Landverndar vera þá að forgangsröðun í orkusölu sé engin á Íslandi.**

ser@frettabladid.is

**ORKUMÁL** Árið 2020 var ríflega 37 prósentum meiri raforkusala til gagnavera en til samtals allra heimila á Íslandi, samkvæmt tölum Orkustofnunar. Af þeirri raforku sem fer til gagnavera fer stór hluti í að grafa eftir rafmyntum.

Þetta þýðir með öðrum orðum að meiri raforka fer til gagnavera á Íslandi en sem nemur orkunni til allra heimila landsins, allra sjúkrahúsa, elliheimila og kirkna, allra leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla og háskóla, svo og allra skipa í höfnum landsins.

Í ljósi umræðunnar um fyrirsjáanlegan orkuskort á Íslandi segir Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar, að greinilegt sé að sú raforka sem þegar er beisluð á Íslandi sé illa nýtt.

„Þetta sýnir að forgangsröðun í orkusölu er engin á Íslandi. Orka er mjög takmörkuð auðlind og við verðum að nýta hana á skynsaman og arðbæran hátt. Að fórna náttúruperlum Íslands sem eru einstakar á heimsvísu eingöngu til þess að grafa eftir rafmynt er ótækt,“ segir Auður.

> ” Að fórna náttúruperlum Íslands sem eru einstakar á heimsvísu eingöngu til þess að grafa eftir rafmynt er ótækt.
>
> Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri Landverndar

Orkunýting Íslendinga fær harðan dóm á lista breska tímaritsins Economist yfir verstu orkunýtingu á meðal þjóða heims (e. least efficient energy use). Á listanum er reiknað hversu mikla landsframleiðslu lönd fá fyrir hverja orkueiningu sem framleidd er. Þar trónir Kongó á toppi deildarinnar yfir verstu orkunýtinguna. Í öðru sæti er eyríkið Trínidad og Tóbagó en jöfn í þriðja til fjórða sæti eru Ísland og Mósambík.

Engin hefðbundin samanburðarlönd Íslands komast nálægt þessum slaka árangri í orkunotkun og segir Auður það benda til að orkufyrirtækin hafi gert afleita samninga fyrir hönd landsmanna við risastór alþjóðleg fyrirtæki og selji raforku til þeirra á slikk.

„Meirihluti raforkuframleiðslu á Íslandi er því bundinn í mjög óhagstæðum samningum við fyrirtæki sem aldrei hafa og munu ekki greiða tekjuskatt af hagnaði hér á landi. Þess vegna skapast litlar tekjur á hverja orkueiningu hér á landi,“ segir Auður sem telur íslenska náttúru hafa verið eyðilagða um alla framtíð eingöngu til að auka hagnað alþjóðlegra stórfyrirtækja. ■

## Ráðherra biðst afsökunar

**SAMFÉLAG** Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra hefur beðist afsökunar á ummælum sem hann lét falla um Vigdísi Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands.

Vigdís tjáði sig um málið í gærmorgun. „Ég veit hvað ég heyrði, ég veit hvað var sagt,“ sagði hún.

Í kjölfarið baðst Sigurður Ingi afsökunar. Hann viðurkenndi að hafa látið „óviðurkvæmileg orð falla“ í garð Vigdísar.

Ekki hefur náðst í Vigdísi varðandi hvort hún taki afsökunarbeiðnina gilda.

Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra var spurð út í ummælin á Alþingi í gær. Hún sagði þau óásættanleg en benti á að ráðherra hefði beðist afsökunar. SJÁ SÍÐU 4

Virðisaukinn er farinn út í bláinn!

Við fellum niður 480.000 kr. VSK frá áramótum!*

Notaðu þetta frábæra tækifæri og fáðu þér vel útbúinn fjórhjóladrifinn **Eclipse Cross PHEV tengiltvinnbíl** með öllum þeim kostum sem hugurinn girnist – og meira til.

Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. → www.mitsubishi.is/eclipse

*Að sjálfsögðu greiðir Hekla öll gjöld og virðisaukaskatt af bílum til Ríkissjóðs. 480.000 kr. lækkunin á Mitsubishi Eclipse Cross er alfarið á kostnað Heklu.

MITSUBISHI MOTORS Drive your Ambition





Tveir sjúklingar með Covid voru í öndunarvél í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

## Færri liggja inni á Landspítalanum

birnadrofn@frettabladid.is

**COVID-19** Enn fækkar inniliggjandi sjúklingum með Covid-19 á Landspítala og voru þeir í gær 35 talsins. Á föstudag lágu 39 sjúklingar með Covid á spítalanum og fyrir viku voru þeir 60.

Af þeim 35 sem lágu inni á Landspítala með Covid í gær voru tveir á gjörgæslu, báðir í öndunarvél. Meðalaldur sjúklinganna var 73 ár en þann 2. apríl lést kona á áttræðisaldri með Covid-19 á spítalanum.

Landspítali hefur beint því til sjúklinga með Covid-19 að hringja ekki á deildir spítalans í leit að upplýsingum vegna viðbragða við sjúkdómnum.

Fólki sem vantar upplýsingar eða þarf á læknisaðstoð að halda er bent á heilsugæsluna í síma 513-1700, Læknavaktina í síma 1700 eða netspjall Heilsuveru. ■

## Hvernig við sköpum gleði




Börn í elstu deildum leikskóla Reykjavíkur komu saman í gær í Eldborgarsal Hörpu og sungu lögin sem Laddi hefur gert ódauðleg. Viðburðurinn, sem kallaðist Flikk Flakk, var opnun Barnamenningarhátíðarinnar 2022. Þemað í ár er gleði og hvernig við sköpum gleði. Hátíðin stendur yfir til 10. apríl. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Borgarbúar hafa orði varir við hasarinn undanfarið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

## Hasarmynd við Hallgrímskirkju

sbt@frettabladid.is

**KVIKMYNDIR** Eins og íbúar höfuðborgarsvæðisins hafa líklega tekið eftir þá fóru tökur á Netflix-myndinni Heart of Stone fram síðustu daga. Verkefnið er sagt vera eitt umfangsmesta kvikmyndaverkefni sem tekið hefur verið upp hérlendis.

Fjöldi fólks var mættur á tökustað, bæði leikarar og aðrir sem taka þátt í verkefninu og fólk sem fylgdist með tökum. Svæðið var vel girt af svo að fylgjast þurfti með í fjarlægð. ■

Mikið úrval af **HVÍLDARSTÓLUM**
með og án rafmagns lyftibúnaði





Komið og skoðið úrvalið

NÝFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Strandgötu 24 | 220 Hafnarfjörður | Sími 565 4100 | nyform.is

# Gísli kominn yfir hundrað kílómetra á leikhúsbrettinu

Gísli Örn Garðarsson hleypur á hverri sýningu á Ég hleyp að meðaltali um 12 kílómetra. Hann lék þrjár sýningar um liðna helgi fyrir fullum sal og fór þá yfir 100 kílómetra á öllum sýningum samtals.

benediktboas@frettabladid.is

**LEIKHÚS** Gísli Örn Garðarsson, leikari og leikstjóri, fór yfir 100 kílómetra múrinn um helgina á hlaupabrettinu í einleiknum Ég hleyp. Verkið fjallar um mann sem byrjar að hlaupa eftir barnsmissi. Gísli hleypur 10 til 12 kílómetra í hverri sýningu – meðal annars á lakkskóm.

„Þetta er algjört rugl, ég viðurkenni það," segir Gísli sem sýndi þrjár sýningar um helgina fyrir fullum sal. Fréttablaðið var á sýningunni á sunnudag þar sem áhorfendur stóðu upp og klöppuðu í lok sýningar og mátti sjá tár á hvarmi.

„Ég er alveg hlaðinn af orku eftir sýningar og er alveg rosalega lengi að ná mér niður. Fer í algjöra sæluvímu á eftir. Orkan frá salnum gefur mér innspýtingu sem er eiginlega alveg mögnuð upplifun. Ég hef ekki upplifað svona áður," segir Gísli.

Hann hleypur nánast án þess að stoppa á sviðinu í 80 mínútur. Allt frá rólegu joggi og upp í langa spretti á meðan hann fer með tilfinningaþrunginn texta. Á meðan sitja áhorfendur og finna til bæði með persónunni og leikaranum enda ekkert grín að hlaupa og fara með texta – hvað þá á harðahlaupum.

Það er ekki í boði að fá hlaupasting á miðri sýningu og missa þannig móðinn. Gísli segist hafa ætlað að fá ráð vegna hlaupanna og mataræðis fyrir slíka raun.

„Ég reyni að borða lítið fyrir sýningar en samt þannig að ég sé með orku á tanknum. Ég hef voða litla lyst bæði fyrir og eftir sýningu. Ég ætlaði að fá ráð frá hlaupara og tala við næringarfræðinginn en brann á tíma og endaði eiginlega bara á að djöflast í gegnum þetta."

Gísli var mældur í aðdraganda sýningarinnar. Var púlsinn í kringum 200 slög á mínútu. Hlaupabrettið var þá með handrið og allt digital og var hann þá að fara í kringum 10 kílómetra. Nú er formið betra og hann er að klukka í 12 kílómetrana.

„Ég fæ núna tvo daga í frí og svo eru sýningar á fimmtudag og föstudag," segir Gísli. Eftir sýningu á fimmtudag verða umræður í samvinnu við Sorgarmiðstöðina. ■



Gísli Örn á brettinu góða sem ber hitann og þungann af hlaupum hans. Hann hleypur um tólf kílómetra á hverri sýningu og fer um leið með tilfinningaþrunginn texta. MYND/BORGARLEIKHÚSIÐ

> „Ég ætlaði að fá ráð frá hlaupara og tala við næringarfræðinginn en brann á tíma og endaði eiginlega bara á að djöflast í gegnum þetta.



Gísli Örn Garðarsson, leikari


MAXUS
EUNIQ 5 100% RAFKNÚINN
6 SÆTA FJÖLSKYLDUBÍLL
VERÐ KR.
6.690.000
ALLT AÐ
420
KM DRÆGNI
KOMDU Í HEIMSÓKN OG PRÓFAÐU EUNIQ 5,
HANN KEMUR SKEMMTILEGA Á ÓVART
MAXUS
SAIC MOTOR
EUNIQ 5
Maxus Euniq 5 er glæsilegur 6 manna 100% rafknúinn fjölnotabíll með allt að 420 km drægni. Láttu fara vel um þig og aktu inn í framtíðina á umhverfisvænan máta.
360°myndavélakerfi.
Isofix festingar fyrir 3 barnastóla.
Rafopnun á afturhlera.
Býðst með toppgrind og dráttarbeisli.
Maxus á Íslandi
YouTube
Vatt ehf. er dótturfélag Suzuki bíla hf.
www.vatt.is
soludeild@vatt.is / Skeifunni 17 / Sími 568 5100
vatt ehf



Hlýindin voru skammgóður vermir.

## Kólnar aftur í veðri í vikunni

birnadrofn@frettabladid.is

**VEÐUR** Samkvæmt veðurspá Veðurstofu Íslands lítur út fyrir að vorið sé ekki komið þrátt fyrir komu lóunnar og blíðviðri síðustu daga. Búast má við 0-7 stiga frosti í dag og líkur eru á að kalt verði í veðri næstu daga.

Norðaustanáttin verður allsráðandi næstu daga með áframhaldandi éljum um norðanvert landið en syðra mun létta til. Í dag verður bjart með köflum sunnan til en norðaustanlands mun bæta í vind og ofankomu. Samkvæmt spánni gæti jafnvel farið að snjóa í borginni þegar líður á vikuna.

Á morgun er spáð norðaustan 5-13 metrum á sekúndu, éljum og frosti á bilinu 2 til 8 stig, en léttskýjað og hiti í kringum frostmark sunnan til.

Á fimmtudag og föstudag verður fremur hæg norðlæg eða breytileg átt og þurrt og bjart að mestu, en skýjað og dálítil él um landið austanvert. Áfram verður kalt í veðri og talsvert næturfrost inn til landsins. ■

## Tugmilljónum varið í El Grillo

kristinnhaukur@frettabladid.is

**AUSTURLAND** Umhverfisráðuneytið mun veita 50 milljónum króna til að reyna að koma í veg fyrir olíuleka úr flaki breska skipsins El Grillo sem sökkt var í Seyðisfirði árið 1944. Samkvæmt svari Guðlaugs Þórs Þórðarsonar umhverfisráðherra við fyrirspurn Lenyu Rúnar Karim, þingmanns Pírata, verður 10 milljónum varið til uppsetningar flotkvíar. Hún á að fanga brákina sem getur borist upp á yfirborðið. Þá verður 40 milljónum króna veitt til að steypa fyrir sprungur á tveimur tönkum flaksins.

Rætt verður við erlenda sérfræðinga um hvernig eða hvort hægt sé að koma í veg fyrir leka í eitt skipti fyrir öll. Hins vegar sé verkefnið mjög flókið og erfitt. Flakið sé á 40 metra dýpi í miklu myrkri og enn leynast ósprungin skotfæri í því. ■

# Matarkarfan hækkar en páskaegg lækka milli ára

olafur@frettabladid.is

**NEYTENDUR** Í nýrri verðkönnun ASÍ hækkar matarkarfa fjögurra manna fjölskyldu um 1,5 prósent milli mánaða.

Þessar niðurstöður eru í samræmi við verðkönnun Veritabus í mars en hækkunin er meiri en hækkun matarliðarins í vísitölu neysluverðs, sem birt var í síðustu viku.

Veritabus reiknaði út hækkun vörukörfu út frá gögnum ASÍ. Vegin meðalhækkun vörukörfunnar síðustu sex mánuði er 6,5 prósent og óvissan 2,5 prósent.

Samkvæmt könnuninni virðist verð á grænmeti og ávöxtum hafa lækkað á tímabilinu. Þá virðast páskaegg hafa lækkað frá því í fyrra í flestum verslunum. Vegið meðalverð páskaeggja hefur lækkað um 3-4 prósent, mest í Hagkaup.

Samkvæmt ASÍ er talsverður vöruskortur í Bónus þar sem ASÍ segir að vantað hafi 35 af 165 vörum. Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, aftekur með öllu að vöruskortur hafi verið í Bónus. Í langflestum tilfellum séu vörurnar til en í stærðum sem ASÍ taki einhverra hluta vegna ekki með.



Verð á grænmeti og ávöxtum hefur lækkað síðustu sex mánuði, samkvæmt könnun ASÍ.

Þá segir Guðmundur vörur á borð við Heimilisbrauð, frosinn heilan kjúkling og lambalæri hafa verið til í talsverðu magni þrátt fyrir fullyrðingar ASÍ um annað. Hið eina sem hafi vantað hafi verið græn vínber, sem hafi klárast og vantað hluta vikunnar. ■

# Ráðherrann rambaði á brúninni með rasískum ummælum sínum

**Sigurður Ingi Jóhannsson, formaður Framsóknarflokksins og innviðaráðherra, hefur beðist afsökunar á óviðurkvæmilegum ummælum sem hann lét falla við upphaf Búnaðarþings. Ummælin snertu hörundslit framkvæmdastjóra Bændasamtaka Íslands.**

elinhirst@frettabladid.is

**SAMFÉLAG** Búnaðarþing var sett á fimmtudag á Hótel Natura. Löng hefð er fyrir því að stjórnmálaflokkarnir bjóði til sín þingfulltrúum til skrafs og ráðagerða. Þau fóru á milli skrifstofa flokkanna og stoppuðu í um hálftíma á hverjum stað.

Það var gert til gamans að Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri Bændasamtaka Íslands, lagðist í það sem kallast „planki“ og fólk hélt undir hana á meðan myndataka fór fram á hverjum stað.

Það var í tengslum við fyrrgreinda myndatöku á skrifstofu Framsóknarflokksins sem hin óviðurkvæmilegu orð féllu af hálfu Sigurðar Inga Jóhannssonar formanns. Myndin var samt tekin en án hans þátttöku.

### Vigdís Häsler stígur fram

Vigdís tjáði sig sjálf um málið á Facebook-síðu sinni í gær. „Ég veit hvað ég heyrði, ég veit hvað var sagt,“ sagði Vigdís. „Þar voru afar særandi ummæli látin falla sem bæði ég sem og starfsfólk samtakanna heyrðu.

Aðstoðarmaður ráðherrans var ekki við hlið hans þegar ummælin voru látin falla, eins og hún hefur haldið fram en myndir úr þessari myndatöku sýna það án alls vafa,“ segir Vigdís.



Sigurður Ingi baðst afsökunar á ummælum sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég veit hvað ég heyrði, ég veit hvað var sagt.
>
> Vigdís Häsler, framkvæmdastjóri BÍ

Þegar Fréttablaðið ræddi við Ingveldi Sæmundsdóttur, aðstoðarmann Sigurðar Inga, þá þvertók hún hins vegar fyrir að hann hefði notað slík orð. Sagðist Ingveldur hafa staðið við hlið Sigurðar Inga þegar myndatakan átti að eiga sér stað og hafi hann sagt að hann vildi ekki halda á Sjálfstæðismanni.

### Sigurður Ingi rýfur þögnina

Mikill skjálfti fór um samfélagið þegar fréttist af ummælum Sigurðar Inga og rætt var um að hann gæti jafnvel þurft að biðjast lausnar sem ráðherra. En um klukkan þrjú í gær birti Sigurður Ingi Facebook-færslu þar sem hann baðst innilega afsökunar á því að hafa látið umrædd orð falla. Hann sagði orðrétt:

„Í kvöldverðarboði Framsóknar fyrir fulltrúa á Búnaðarþingi síðastliðið fimmtudagskvöld, lét ég óviðurkvæmileg orð falla í garð framkvæmdastjóra Bændasamtakanna. Á þeim orðum biðst ég innilegrar afsökunar. Í lífinu er maður alltaf að læra á sjálfan sig. Sárt er þó að sá lærdómur bitni á tilfinningum annarra.

Ég er alinn upp við það og það er mín lífsskoðun að allir séu jafnir. Þess vegna hef ég tamið mér að koma jafnt fram við alla. En mér verður á eins og öðrum. Það þykir mér miður,“ skrifar Sigurður Ingi.

Eftir viðurkenningu Sigurðar Inga sagði Ingveldur Ríkisútvarpinu að hennar fyrri orð hefðu verið lýsing á því sem hún sá í samskiptum Sigurðar og Vigdísar.

### Maður að meiri

Bændasamtökin sendu frá sér yfirlýsingu síðdegis í gær vegna málsins þar sem segir að í tilefni frétta af ummælum ráðherra í garð framkvæmdastjóra Bændasamtakanna vilji stjórn samtakanna koma því á framfæri að hún standi heils hugar með sínu starfsfólki og fordæmir hvers konar mismunun og fordóma.

Gunnar Þorgeirsson, formaður Bændasamtakanna, segir að Sigurður Ingi Jóhannsson innviðaráðherra sé í sínum huga maður að meiri að viðurkenna mistök sín og biðjast afsökunar á ummælum sínum sem hann hafi viðhaft í hófi á vegum Framsóknarflokksins.

Ekki hefur náðst í Vigdísi Häsler, framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, varðandi hvort hún taki afsökunarbeiðni Sigurðar Inga gilda.

Málið var rætt á Alþingi í dag í óundirbúnum fyrirspurnum. Halldóra Mogensen, Pírötum, spurði Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra hvort það væri nóg fyrir innviðaráðherra að biðjast afsökunar á ummælum sem jafnvel vörðuðu við lög. Katrín svaraði því að ummælin hefðu verið óásættanleg en ráðherra hefði beðist afsökunar á þeim. ■




FÁRÁNLEGA LÁGT VERÐ

FYRSTIR KOMA - FYRSTIR FÁ

Við bjóðum upp á takmarkað magn af hjólbörðum og felgum fyrir fólksbíla, minni jeppa, stærri jeppa og pallbíla. Ný og ónotuð dekk á ótrúlegu lágu verði.

Gott úrval af dekkjum og felgum.
Hér fyrir neðan má sjá verðdæmi um dekk og felgur í boði:

**Dekkja- og felgugangar:**
32” 255/75R17 - 199.000 kr.
33,5” 285/60R20 - 199.000 kr.
33” 275/70R18 - 179.000 kr.

**Dekkjagangur:**
15” 185/55R15 - 49.800 kr.
30” 265/60R18 - 69.960 kr.
33” 275/70R18 - 79.600 kr.

Fleiri stærðir í boði. Uppgefið verð er heill umgangur eða 4 stk með vsk.

ALLAR NÁNARI UPPLÝSINGAR Á ISBAND.IS, DEKK@ISBAND.IS OG Í SÍMA 590 2323



ISBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 07:45 - 17:00


kronotex
FLOORS FOR LIVING
PÁSKA
TILBOÐ
Á HÖRKU PLANKA
HARÐPARKETI
fyrir sumarhús & heimili
VERÐ FRÁ 1.690 KR. m²
MIKIÐ OG GLÆSILEGT ÚRVAL
TIL AFGREIÐSLU STRAX
2017-2021
Framúrskarandi fyrirtæki
Birgisson®
MAMMUT PLUS D4727
Ármúli 8 | 108 Reykjavík | Sími 516 0600 | www.birgisson.is

# Úkraínskur stjórnmálafræðingur segir Evrópu við að springa

bth@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Myndirnar af morðum borgara frá Bútsja og fleiri stöðum í Úkraínu sýna að innrásin er orðin eitt allsherjar rússneskt stríð.

Þetta segir Míjkola Volkískíjí, doktor í stjórnmálafræði og fyrrverandi starfsmaður úkraínska þingsins.

„Allir Rússar styðja á einn eða annan hátt fjöldamorðin í landi okkar,“ segir Volkískíjí sem hefur starfað náið með Selenskíj forseta.

Fréttablaðið náði tali af honum í Varsjá í síðustu viku og ræddi við hann aftur í gær vegna myndanna sem skekið hafa heimsbyggðina. Volkískíjí segir fjöldamorð, stríðsglæpi rússneska hersins, sýna hve


Volkískíjí með Selenskíj forseta.

fráleitt það sé að tala bara um einkastríð Pútíns.

„Rússneska kirkjan hefur minnt hermenn á að markmið þeirra sé að tortíma úkraínsku þjóðinni.“

Volkískíjí segir Rússa ekki gera sitt til að mótmæla eða reyna að stöðva stríðið.

„Allir Rússar eru sekir um stríðið, hver og einn þeirra fremur grimmdarverk sem hafa ekki sést síðan í Þriðja ríkinu.“

Volkískíjí bætir við: „Pútín nauðgar ekki tíu ára börnum persónulega, varpar sprengjum á fæðingarsjúkrahús og skýtur sextán ára börn í hnakkann. Heimurinn þolir ekki meira mannfall, hann verður að stöðva Rússa. Annars mun öll Evrópa springa.“ ■


Óskar Húnfjörð telur að margt sé í gangi undir niðri þessa dagana án vitundar almennings.

## Mesta umferð hervéla í Keflavík

bth@frettabladid.is

**REYKJANESBÆR** Óskar Húnfjörð, sem hefur búið í Reykjanesbæ í átta ár, segist aldrei hafa upplifað eins þunga umferð herflutningavéla og við Keflavík í fyrrakvöld.

„Ég held ég hafi talið tólf flutningavélar, dökkgráar,“ segir Óskar.

Hann segir algjört einsdæmi að sjá slíkan fjölda. Fyrir skemmstu hafi hann líka séð óvenju margar orrustuþotur, þungvopnaðar.

„Mann grunar að um sé að ræða stóraukna hergagnaflutninga til Evrópu,“ segir Óskar sem útilokar nánast að umferðin tengist aðeins æfingum.

„Það er eflaust mikið að gerast undir niðri, þótt við fáum ekki að vita af því.“ ■


Samningurinn við utanríkisráðuneytið er opinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Ferja hergögn til Póllands fyrir íslenska ríkið

kristinnhaukur@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Loftflutningafyrirtækin Bláfugl og Air Atlanta ferja sprengjur, skotfæri og önnur hergögn fyrir utanríkisráðuneytið frá fimm Evrópulöndum til Póllands, þaðan sem þau eru flutt yfir landamærin til Úkraínu.

Hingað til hafa verið flognar 13 ferðir en samningarnir eru opnir. Atlantshafsbandalagið er ekki aðili að hergagnasamningnum en hafði óbeint frumkvæði að honum.

Bláfugl hefur meðal annars flogið frá borginni Písa í Toskana-héraði til Rzeszow í suðausturhluta Póllands.

Um miðjan mánuðinn urðu tafir þar sem einhverjir vallarstarfsmenn í Písa urðu ósáttir við að þurfa að hlaða vél af vopnum. Töldu þeir að aðeins ætti að flytja hjálpargögn. Þessi flug hafa hins vegar öll tilskilin leyfi EASA, flugöryggisstofnunar Evrópu, um flug með hættulegan varning. Töfin var því aðeins um klukkutími. ■

# Fuglar verpa nú næstum mánuði fyrr

Starf eggjasafnara fortíðar er grunnur rannsókna sem leitt hafa í ljós að fuglar verpa nú mun fyrr en fyrir um öld síðan. Einstaka tegund verpir nú allt að 50 dögum fyrr.

gar@frettabladidi.is

**NÁTTÚRA** Fuglar verpa nú að jafnaði nærri mánuði fyrr en þeir gerðu fyrir einni öld. Loftslagsbreytingum er um að kenna samkvæmt rannsóknum að því er segir í frétt El País.

Í lok nítjándu aldar komst í tísku meðal fuglaáhugafólks í Mið-Evrópu, á Bretlandseyjum og í Bandaríkjunum að leita að hreiðrum og stela úr þeim eggjum. Slíkt væri að sögn El País óhugsandi í dag auk þess sem það er hreinlega bannað í mörgum löndum.

En þetta gamla áhugamál gerir vísindamönnum nú kleift að rannsaka hvenær eggjunum var verpt áður og bera saman við nútímann.

Bent er á í El País að hnattræn hlýnun valdi ógrynni náttúrufyrirbrigða; tré laufgist fyrr, skordýr séu fyrr á sveimi og farfuglar fyrr á ferðinni. Spurningin sé hversu mikil áhrifin séu. Til að svara því þurfi gagnagrunn sem nái umtalsverðan árafjölda aftur í tímann.

Vísindamenn við Field-náttúrusögusafnið í Chicago hafa rannsakað þessa hluti allt aftur til ársins 1872. Safnið á þúsundir af eggjum allt frá síðari hluta nítjándu aldar fram á fyrsta þriðjung tuttugustu aldar, að sögn El País. Söfnunarhefð var svo útbreidd að yfirvöld þurftu að beita banni til að bjarga mörgum fuglategundum frá því að deyja út.

Fuglafræðingurinn John Bates, stjórnandi Field-safnsins, bendir El País á hversu nákvæmir gömlu safnararnir hafi verið. „Þeir voru


Þyrnisvarrinn er meðal þeirra fugla sem verpa á norðurhveli og gera það nú fyrr en áður. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

> „Fuglar eins og tjaldur eða lóa sem eru nær okkur hafa með tíð og tíma verið að koma fyrr.


Gunnar Þór Hallgrímsson, fuglafræðingur og prófessor hjá HÍ

góðir í að fylla út gagnaskýrslur með upplýsingum í smáatriðum um hvenær eggin fundust,“ segir Bates. Út frá því hafi með aðstoð líffræðinnar verið hægt að reikna nákvæmlega út hvenær fyrstu eggjunum var verpt.

El País segir Bates og fuglafræðinga frá öðrum stofnunum hafa notað gögnin til að staðfesta þann grun að varptíminn hefði færst fram eins og óttast var. Gögnin hafi meðal annars verið borin saman við gögn sem stofnanirnar öfluðu sjálfar frá árinu 1980. Niðurstöðurnar leiði í ljós að fyrir 72 fuglategundir sem unnt var að bera saman hafi varpið færst fram um 25,1 dag að meðaltali hjá þriðjungi tegundanna. Hjá sumum tegundanna hafi varptíminn jafnvel færst fram um 50 daga. Aðeins ein tegund, ameríski svartþrösturinn, verpur nú síðar en áður.

Fram kemur í El País að þessi þróun sé nú ráðandi á norðurhveli jarðar að minnsta kosti. Niðurstöður rannsókna í Finnlandi, Hollandi og Bretlandi hnígi í þessa átt. Breski fuglafræðisjóðurinn ráði yfir eggjasafni sem nái aftur til ársins 1929. Samkvæmt skýrslu frá árinu 2020 hafi varptímabil 38 algengra fuglategunda í Bretlandi færst fram um á bilinu þrjá daga til 21 dags frá árinu 1960.

Gunnar Þór Hallgrímsson, fuglafræðingur og prófessor hjá Háskóla Íslands, segir breytingu á varptíma ekki hafa verið skoðaða mikið hérlendis. Hins vegar sjáist greinilegar breytingar á komutíma farfugla.

„Fuglar sem eru með vetursetu nálægt okkur eru að koma fyrr á vorin en fuglar sem eru að fara langt, eins og kría og spói, og hafa vetursetu í Afríku, sýna ekki mikinn breytileika í komutíma. Fuglar eins og tjaldur eða lóa sem eru nær okkur hafa með tíð og tíma verið að koma fyrr á vorin,“ segir Gunnar Þór. ■

# Brotthvarf Rússa varpar ljósi á voðaverk

jonthor@frettabladid.is

**ÚKRAÍNA** Stjórnvöld í Kreml hafa verið harðlega gagnrýnd í kjölfar brotthvarfs rússneska hersins frá útjaðri höfuðborgarinnar Kænugarðs. Greint hefur verið frá því að í ljós hafi komið götur fullar af líkum, þar á meðal af borgurum sem sumir virtust hafa verið skotnir af stuttu færi. Fjölmiðlar hafa birt myndir frá vettvangi sem sýna líkin.

Volodímír Selenskíj Úkraínuforseti heimsótti í gær bæinn Bútsja sem er skammt frá höfuðborginni. Markmið ferðarinnar var að sjá það sem hann kallaði „þjóðarmorð“ og „stríðsglæpi“ Rússa með eigin augum.

„Látið fólk finnst í tunnum, kjöllurum, kæft og pyndað,“ sagði Selenskíj sem sagðist vilja sýna heiminum voðaverkin. Þá sagði hann að Úkraína myndi finna þá sem bera ábyrgð á verknaðinum og draga þá fyrir dóm. Hann biðlaði þó einnig til rússneskra stjórnvalda um að semja um endalok stríðsins sem fyrst.

Þess má geta að rússnesk stjórnvöld hafa sagt opinberlega að þau

Innrás í Úkraínu – dagur 40



Heimildir: Institute for the Study of War, UK Ministry of Defence, Reuters © GRAPHIC NEWS

telji að voðaverkin í Bútsja séu sviðsett.

Stjórnmálafólk um allan heim hefur þó fordæmt árásina. Til að mynda sagði Joe Biden Bandaríkjaforseti að sækja ætti Vladímír Pútín Rússlandsforseta til saka fyrir stríðsglæpi. „Þessi maður er fullur af grimmd og það sem er að gerast í Bútsja er svívirðilegt,“ sagði Biden sem lofaði að auka þvinganir Bandaríkjanna gegn Rússlandi.

Líkt og áður segir hafa rússneskir hermenn yfirgefið útjaðra höfuðborgarinnar, en í staðinn virðast þeir ætla að beina spjótum sínum að austurhluta Úkraínu. Talið er að nú sé meginmarkmið Rússa að ná fullri stjórn í Donbass-héraðinu, sem er annað tveggja héraða sem Pútín viðurkenndi sem sjálfstætt ríki stuttu fyrir innrásina.

Íbúar Donbass eru að miklu leyti rússneskumælandi, en í héraðinu er að finna borgina Maríupol sem hefur verið áberandi í umfjöllun um stríðið síðan innrásin hófst í febrúar. ■

> „Látið fólk finnst í tunnum, kjöllurum, kæft og pyndað.

Volodímír Selenskíj Úkraínuforseti

# PÁSKA TILBOÐ

Kíktu við hjá Höfðabílum og gerðu funheit bílakaup

**Allt að 600.000 kr. afsláttur**

**Allir bílar með ábyrgð**

Allt að **100%** bílalán.
Fjármögnum á staðnum.

Hér eru aðeins nokkur sýnishorn - **það fylgir páskaegg öllum seldum bílum**

**- 600.000 kr.**




**Land Rover Discovery Sport**
Nýsk. 6/17 Ekinn 221 þ. km
Sjálfskiptur, Dísel
Ásett verð: 3.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.890.000. KR.**

**- 200.000 kr.**




**Dacia Duster**
Nýsk. 7/17 Ekinn 232 þ. km
Beinskiptur, bensín.
Ásett verð: 990.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 790.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**VW Caravelle Kombi**
Nýsk. 6/18 Ekinn 195 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 4.990.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 4.490.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Nissan Qashqai**
Nýsk. 6/18 Ekinn 206 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.190.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.790.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Honda CR-V**
Nýsk. 4/17 Ekinn 186 þ. km
Beinskiptur
Ásett verð: 2.690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.290.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Toyota Auris Live Station**
Nýsk. 5/14 Ekinn 122 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**Nissan X-Trail**
Nýsk. 5/16 Ekinn 171 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 500.000 kr.**




**VW Golf Trendline**
Nýsk. 6/15 Ekinn 191 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.490.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 990.000. KR.**

**- 240.000 kr.**




**VW Up**
Nýsk. 7/15 Ekinn 204 þ. km
Beinskiptur, bensín
Ásett verð: 690.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 450.000. KR.**

**-300.000 kr.**




**Subaru Forester**
Nýsk. 7/18 Ekinn 147 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 3.290.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 2.990.000. KR.**

**- 400.000 kr.**




**Ford Kuga Titanium**
Nýsk. 7/18 Ekinn 198 þ. km
Beinskiptur, dísel
Ásett verð: 2.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.990.000. KR.**

**- 300.000 kr.**




**Suzuki Swift GL+**
Nýsk. 4/17 Ekinn 166 þ. km
Sjálfskiptur, dísel
Ásett verð: 1.390.000 kr.

**PÁSKATILBOÐ 1.090.000. KR.**

Bílafjármögnun Landsbankans

**HÖFÐABÍLAR**
... þar sem bílar seljast

FOSSHÁLSI 27
110 REYKJAVÍK
SÍMI: 577 4747

FÖS: 10-17
LAU: 12-16
SUN: LOKAÐ

# Auðlindagæsla



Elín Hirst
elinhirst @frettabladid.is

Aðstæður í heiminum gera það að verkum að Ísland er ríkara af auðlindum nú en nokkru sinni. Auðlindir eru nefnilega afstætt fyrirbæri. Mór til upphitunar var einu sinni mikilvæg auðlind á Íslandi en er það ekki lengur. Vatnsföllin á Íslandi urðu ekki að mikilvægri auðlind fyrr en rafmagnið var fundið upp.

Því verða stjórnvöld hér á landi að vera vel vakandi í auðlindamálum því heimurinn breytist hratt.

Fiskurinn í sjónum er okkar dýrmætasta auðlind. Miklar tækniframfarir í greininni munu auka verðgildi sjávaraflans gríðarlega á næstu árum. Mannfjölgun í heiminum og lágt kolefnisspor gera fiskinn að mikilvægari afurð en nokkru sinni. Gjald fyrir afnot af sjávarauðlindinni þarfnast nauðsynlega endurskoðunar. Þeir sem nýta þessa dýrmætu auðlind verða líka að njóta almenns trausts. Er það svo? Hvað er á döfinni hjá ríkisstjórninni hvað það varðar?

Loftslagsvandinn lyftir mikilvægi sjálfbærra orkuauðlinda Íslands upp í alveg nýjar hæðir. Hvernig ætlar ríkisstjórnin að tryggja að eignarhald þessara mikilsverðu auðlinda verði hjá íslensku þjóðinni til framtíðar og að réttmætur arður renni til hennar?

Hreint neysluvatn er auðlind sem verður æ eftirsóttari vegna mengunar vatnsbóla og þurrka víða um heim sem fylgja hlýnun jarðar. Ísland er talið eiga neysluvatnsforðabúr sem er einstakt í heiminum hvað varðar magn og gæði.

Fiskeldi er að verða ævintýralega stór atvinnugrein sem nýtir auðlindir Íslands, þar sem stór hluti fiskeldis við Íslandsstrendur er í eigu fárra erlendra aðila. Eru stjórnvöld vakandi fyrir þessu? Íslensk náttúra og ósnortin víðerni eru ómetanleg auðlind fyrir landsmenn og ferðamenn. Hvergi í Evrópu er að finna viðlíka náttúru. Er verið að passa nægilega upp á afnot og umgengni við þessar auðlind?

Mengun og hiti sem er að kæfa fólk víða um heim gerir hreina svala loftið og jarðnæði á Íslandi eftirsóttara en nokkru sinni. Nýlega voru gerðar breytingar á löggjöf um jarðamál á Íslandi til að treysta yfirsýn og opinber stjórntæki á þessu sviði sem var mikið framfaraspor.

Auðvitað kostar það fé og fyrirhöfn að nýta þessa auðlindir og að sjálfsögðu þurfa þeir sem taka það að sér að fá sanngjarna greiðslu fyrir.

Að lokum þetta. Meirihluti þjóðarinnar hefur krafist þess árum saman að náttúruauðlindir verði lýstar almannaeign í stjórnarskrá, en ekkert gerist. Auðvitað er það sorglegt og nánast óskiljanlegt að pólitískt þrek skorti í íslenskum stjórnmálum til að fara að vilja þjóðarinnar í þessum efnum. ■

> ” Því verða stjórnvöld hér á landi að vera vel vakandi í auðlindamálum því heimurinn breytist hratt.




## Halldór




## Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

**Þessi feiti**
Frægt er þegar Arnar Páll Hauksson, fréttamaður hins opinbera, var að ráða frambjóðendum í panel í aðdraganda kosninga og hafði á orði, í meira lagi upphátt, hvar hann ætti að koma „þessum feita“ fyrir og þurftu nærstaddir ekki að fara í grafgötur með að þar átti hann við formann Framsóknarflokksins, Sigurð Inga Jóhannsson. Þótti þetta helst til ósmekklega sagt af ríkisfréttamanninum, enda ekki til siðs að gera lítið úr holdafari fólks. Nú situr fórnarlamb þessara fordóma uppi með eigin orð um litarhaft framkvæmdastjóra Bændasamtakanna, svo hann þekkir orðið hlutverk þolanda og geranda jafn vel.

**Þessi langrækni**
Það á annars ekki af Framsóknarmönnum að ganga þessa dagana í misheppnuðum ummælum, jafnt utan þingsalar sem innan, en eitthvað mun Lilju Alfreðsdóttur, varaformanni flokksins, vera í nöp við varaþingmanninn Arnar Þór Jónsson, sem vel að merkja dæmdi í ráðuneytisstjóramálinu á sínum tíma, Lilju í óhag. Hún mun hafa hitt Arnar Þór í hliðarherbergi þingsalarins á dögunum og sagt við hann sisona, „ég er langrækin,“ svo nærstaddir heyrðu býsna vel. Og þá vita menn það, Arnar Þór sem aðrir landsmenn, hún er langrækin. ■

# Við öllu búin



Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir
utanríkisráðherra

Varnaræfingin Norður-Víkingur stendur nú yfir hér við land með liðsafla frá Bandaríkjunum, Bretlandi, Frakklandi, Noregi og Þýskalandi. Megintilgangurinn er að æfa varnir siglingaleiða umhverfis Ísland og mikilvægra öryggisinnviða en einnig leit og björgun á sjó og landi. Æfingar sem þessi gegna þýðingarmiklu hlutverki bæði fyrir öryggi okkar Íslendinga og bandalagsríkja okkar. Þær eru tækifæri til þess að viðhalda getu og viðbúnaði sem vera þarf til staðar. Á slíkum æfingum þjálfast herir ólíkra bandalagsríkja í samskiptum við krefjandi aðstæður og getur slíkur undirbúningur reynst ómetanlegur ef efla þarf varnir eða viðbúnaðarstig á Norður-Atlantshafi. Landslag, veðurfar og ýmsar aðrar séríslenskar aðstæður eru þar að auki álitnir ákjósanlegir eiginleikar í okkar umhverfi.

Sem herlaus þjóð tryggir Ísland öryggi sitt og varnir með virkri samvinnu við önnur ríki og á vettvangi alþjóðastofnana. Þar skipta aðild okkar að Atlantshafsbandalaginu og varnarsamningurinn við Bandaríkin meginmáli. En við getum ekki ætlast til þess að vera algjörir þiggjendur í slíku samstarfi. Þátttaka Íslands í fjölþjóðasamstarfi um öryggis- og varnarmál á borgaralegum forsendum getur reynst verðmæt. Hún felur meðal annars í sér að Ísland geti staðið undir skuldbindingum sínum og veitt stuðning sem gistiríki kalli aðstæður á eflingu varna Íslands eða Atlantshafsbandalagsins. Ísland leggur því sitt af mörkum vegna liðsafla bandalagsríkja sem kemur til æfinga eða annarra varnartengdra verkefna, meðal annars með rekstri eftirlits- og fjarskiptabúnaðar og mannvirkja og með því að tryggja að sérhæft starfsfólk sé til reiðu.

Það er á ábyrgð okkar að tryggja að skilningur sé á sérstöðu og öryggishagsmunum Íslands. En það skiptir líka máli að sýna fram á að við tökum skyldurnar gagnvart bandalagsþjóðum okkar alvarlega og gerum það sem í okkar valdi stendur til að uppfylla þær. Þetta þurfum við í auknum mæli að gera að eigin frumkvæði og þegar eftir því er leitað. Ef íslenskur stórsjór og slagviðri geta gagnast við það er það hið besta mál. ■

> ” Ef íslenskur stórsjór og slagviðri geta gagnast við það er það hið besta mál.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** Torg ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jón Þórisson **RITSTJÓRI:** Sigmundur Ernir Rúnarsson *ser@frettabladid.is*,
**FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **VEFSTJÓRI:** Einar Þór Sigurðsson *einarthor@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Hörður Snævar Jónsson *hoddi@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Við þurfum húsnæðissáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið



Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri Reykjavíkur

Staðan á húsnæðismarkaði er að mörgu leyti með ólíkindum. Fyrir liggur að undanfarin ár hafa verið metár í húsnæðisuppbyggingu, einkum í Reykjavík. Og ekki er lengra síðan að Seðlabankinn varaði við offramboði á húsnæðismarkaði en árið 2019. Í kjölfarið hægði á fjármögnun nýrra verkefna.

Vaxtalækkanir síðastliðin tvö ár hafa hins vegar gjörbreytt þessari stöðu og eftirspurn eftir fasteignum er nú langt umfram framboð. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun hefur farið frá því að telja 2.000 íbúðir þurfa árlega í að telja 4.000 íbúðir þurfa á ári næstu fimm ár.

**Reykjavík tvöfaldar lóðaframboð**

Reykjavík er tilbúin til að mæta stórum hluta af þessari þörf með tvöföldun á fyrirhuguðu framboði lóða til uppbyggingar íbúða. Í haust tilkynnti Reykjavík að úthlutun lóða yrði aukin og næstu tíu ár yrði úthlutað fyrir yfir þúsund íbúðir á ári. Lóðir í samþykktu skipulagi sem eru í höndum einkaaðila og byggingafélaga eru annað eins og eðlilegt að þær byggist nú upp af sama krafti. Reykjavík vill bregðast við breyttri stöðu með því tvöfalda fyrri uppbyggingaráætlanir. Með samstilltu átaki allra eiga yfir 2.000 íbúðir að geta farið í uppbyggingu á hverju ári næstu fimm ár í Reykjavík, eða alls 10.000 íbúðir til að mæta þeirri eftirspurn sem er á húsnæðismarkaði á fjölbreyttan hátt.

Í húsnæðisáætlun borgarinnar er skilgreint nákvæmlega hvar þessar íbúðir eiga að rísa, í samræmi við nýsamþykkt aðalskipulag Reykjavíkur til 2040. Sérstök áhersla er lögð á íbúðir við þróunarása Borgarlínu.

**Bara húsnæði fyrir alla í Reykjavík?**

Þegar horft er á undanfarin ár í húsnæðisuppbyggingu sker ýmislegt í augu. Víða hefur verið byggt en nær öll uppbygging fyrir tekjulægri hópa, stúdenta og eldri borgara hefur átt sé stað í Reykjavík. Mikið vantar hins vegar upp á í þeim efnum í ýmsum nágrannasveitarfélögum. Félagslegum íbúðum hefur fjölgað mikið í Reykjavík og biðlistar hafa dregist saman um helming á þremur árum. Fjölgun annars staðar er í mýflugumynd.

Óhagnaðardrifin húsnæðisfélög hafa einnig lyft grettistaki í samvinnu við borgina. Fjöldi stúdentaíbúða hefur nær tvöfaldast á örfáum árum. Þær eru allar í Reykjavík. Íbúðafélag verkalýðshreyfingarinnar fyrir vinnandi fólk, Bjarg, hefur tryggt þúsundum öruggt þak yfir höfuðið með svokölluðum stofnframlögum. Fjórar af hverjum fimm slíkum íbúðum sem risið hafa á undanförnum árum eru í Reykjavík. Svipaða sögu er að mörgu leyti að segja af uppbyggingu í þágu öryrkja og fatlaðs fólks.

Ég er stoltur af húsnæðisstefnu borgarinnar og verkunum í Reykjavík en við fáum betra samfélag fyrir alla ef markviss og skipulögð félagsleg blöndun á sér stað í öllum sveitarfélögum, ekki aðeins í höfuðborginni.

**Það vantar húsnæðissáttmála**

Það vantar yfirsýn á húsnæðismarkaði. Það vantar betri spár og áætlanir. Það vantar meira jafnvægi í uppbygginguna. Það vantar að tæki til að tryggja að félagslegt húsnæði byggist í öllum sveitarfélögum. Það vantar festu og fyrirsjáanleika í stuðning ríkis og sveitarfélaga í formi stofnframlaga. Það þarf 15 ára sýn. Fimmtán ára áætlun. Og það þarf að ganga skipulega til verka.

Þannig var unnið að samgöngusáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið. Gögnum var safnað og greiningar gerðar. Valkostir voru settir fram og metnir. Loks var sett saman heildarsýn um verkefni og fjármögnun og sameinast um eina niðurstöðu sem standa myndi í lengri tíma.

Samgöngusáttmálinn hefur mælst vel fyrir og nýtur víðtæks stuðnings. Nú þurfum við að gera húsnæðissáttmála fyrir höfuðborgarsvæðið. Svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins og sameiginleg þróunaráætlun sveitarfélaganna í íbúðauppbyggingu er góður grunnur en það þyrfti einnig að huga að félagslegum þáttum. Fjármögnun verkefna og uppbyggingar á svæðum sem ekki eru í eigu sveitarfélaga, sem víða eru einu byggingarsvæðin sem til er að dreifa, utan Reykjavíkur.

**Húsnæðismál og græn borgarþróun**

Samgöngusáttmáli höfuðborgarsvæðisins felur í sér mikil tækifæri til góðrar borgarþróunar og uppbyggingar íbúðarhúsnæðis. Þéttingarreitir með fram Borgarlínu eru þar í fremstu röð. Ný og spennandi byggingarsvæði í Ártúnshöfða og síðar Keldnalandi verða einnig fyrstu hverfin sem skipulögð eru með Borgarlínu í huga frá grunni.

Með húsnæðissáttmála kæmi nauðsynleg áætlun í takt við samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Til viðbótar við samgöngur og húsnæði væri þar komin áætlun um landnotkun og þar með loftslagsmál. Sameiginleg framtíðarsýn hvoru tveggja væri kolefnishlutlaust borgarsamfélag, eins og segir í samgöngusáttmálanum.

Húsnæðissáttmáli væri langtímasýn og framkvæmdaáætlun sem myndi auka fyrirsjáanleika í húsnæðisuppbyggingu landsins til muna og koma í veg fyrir vondar ákvarðanir teknar í flýti vegna þess að betri lausnir virðast ekki í boði. Dreifing byggðar væri slíkt skyndiráð. Dreifing byggðar fellur á þremur prófum. Dreifing byggðar er dýr og tímafrek í samanburði við uppbyggingarreiti sem þegar liggja fyrir. Dreifing byggðar eykur umferð, veikir almenningssamgöngur og eykur tafatíma í umferðinni. Og dreifing byggðar eykur á loftslagsvandann.

**Húsnæðisuppbygging án hagnaðarsjónarmiða**

Í nýju aðalskipulagi Reykjavíkur til 2040 er það markmið sett að fjórðungur allrar húsnæðisuppbyggingar verði á vegum óhagnaðardrifinna félaga. Þetta er lykilverkefni sem ekki mun ganga eftir af sjálfu sér. Í ljósi þess að stefnt er að byggingu 10.000 íbúða í Reykjavík næstu fimm ár verður að eiga sér stað sambærilegt átak í byggingu 2.500 leigu- og búseturéttaríbúða eins og hrundið var af stokkunum árið 2014 og hefur gjörbreytt stöðu þúsunda reykvískra einstaklinga og fjölskyldna á húsnæðismarkaði síðustu ár. Sérstök þörf er á að halda áfram uppbyggingu á húsnæði fatlaðs fólks og tryggja því þannig skilyrði til sjálfstæðrar búsetu.

**Húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur**

Reykjavíkurborg hefur verið í fararbroddi við að byggðar verði íbúðir fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Fyrstu íbúðirnar í verkefninu eru þegar orðnar að veruleika en yfir 500 slíkar eiga að fylgja á komandi kjörtímabili.



**Lífsgæðakjarnar fyrir eldri borgara**

Stefnt skal að því að minnsta kosti þrír nýir lífsgæðakjarnar fyrir eldra fólk fari í uppbyggingu í Reykjavík á næsta kjörtímabili, í Ártúnshöfða, Úlfarsárdal og á einum til tveimur stöðum vestan Elliðaár. Í lífsgæðakjörnum eru heimili og þjónusta tengd saman til að skapa öryggi og samveru. Þar er að finna góða blöndu eignaíbúða, búseturéttar og minni leiguíbúða sem tengjast hvers konar þjónustu, skapa öryggi og samveru. Skoðaður verði sá kostur að efnt verði til samkeppni um bestu útfærslu þessara hugmynda. Áhugaverðast er að lífsgæðakjarnar eldra fólks verði í blandaðri byggð þannig að allir aldurshópar blandist í daglegu lífi og hverfistengdri þjónustu.

**Húsnæðissáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðið**

Langtímasýn og jafnvægi í húsnæðismálum er lífsnauðsyn á húsnæðismarkaði. Algjör skortur er á heildstæðri húsnæðisstefnu fyrir Ísland. Hana ætti að setja með áherslu á húsnæðisöryggi, markvissa og fjölbreytta húsnæðisuppbygginu, kjör heimila og markmið um kolefnishlutlaust borgarsamfélag. Brýnt er að gera langtímaáætlun um úthlutun stofnframlaga til bygginga íbúða á viðráðanlegu verði. Tryggja þarf aukið öryggi fólks á leigumarkaði með lagasetningu. Húsnæðisbætur ætti að einfalda og efla. Útrýma þarf óviðunandi og hættulegu íbúðarhúsnæði í markvissum skrefum, meðal annars á atvinnusvæðum, en heimila búsetu á umbreytingarsvæðum, með skilyrðum, þar sem búsetuskilyrði og eldvarnir eru í lagi.

> Með samstilltu átaki allra eiga yfir 2.000 íbúðir að geta farið í uppbyggingu á hverju ári næstu fimm ár í Reykjavík.

Á undanförnum árum hefur Reykjavíkurborg sýnt með samstarfi við verkalýðshreyfinguna, stúdenta og byggingafélög eldra fólks að góðar lausnir sem tryggja viðráðanlegt verð og húsnæðisöryggi eru til. Sömu sögu er að segja um fjölgun félagslegra íbúða í eigu borgarinnar. Þörf er á sáttmála til lengri tíma um að öll sveitarfélög axli ábyrgð í húsnæðismálum líkt og borgin hefur gert. Þar væri kveðið á um hlutfall félagslegra leiguíbúða, hlutfall óhagnaðardrifinnar uppbyggingar og samræmingu og hækkun á húsnæðisstuðningi þeirra sem hann þurfa. Fjármagn þyrfti að tryggja fyrir hverjum og einum lið líkt og í samgöngusáttmála höfuðborgarsvæðisins. Þetta væri Húsnæðissáttmáli fyrir höfuðborgarsvæðið – eða Ísland allt. ■





FRÉTTAVAKTIN

Fréttaumfjöllun fyrir alla
kl. 18.30 á virkum dögum

Fjölbreytt fréttaumfjöllun í opinni dagskrá fyrir fólkið í landinu. Úrvalslið fjölmiðlafólks fer yfir fréttayfirlit dagsins ásamt því að fá til sín góða gesti til að ræða helstu mál líðandi stundar. Þátturinn er sýndur á Hringbraut og frettabladid.is

HRINGBRAUT

## Spá Fréttablaðsins

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1. sæti | ? | 5. sæti | ? | 9. sæti | KA |
| 2. sæti | ? | 6. sæti | Stjarnan | 10. sæti | ÍBV |
| 3. sæti | ? | 7. sæti | ÍA | 11. sæti | Keflavík |
| 4. sæti | ? | 8. sæti | Leiknir R | 12. sæti | Fram |

### Stjarnan hafnar í 6. sæti

Stjarnan endaði í sjöunda sæti á síðustu leiktíð en þjálfarabreytingar hafa orðið í Garðabæ. Ágúst Gylfason tók við af Þorvaldi Örlygssyni og hefur komið með ferskan andvara inn á Samsung-völlinn. Stjarnan er með ungt og spennandi lið sem gæti þó vantað stöðugleika. Á næstu árum eru hins vegar bjartir tíma fram undan ef liðinu tekst að halda í svipaðan hóp.

## Lykilmaðurinn



Óskar Örn Hauksson

Óskar Örn Hauksson kom til Stjörnunnar í vetur, nokkuð óvænt, enda hafði Óskar haldið til í Vesturbænum í Reykjavík í 15 ár. Óskar hefur verið einn besti leikmaður efstu deildar í rúman áratug en 37 ára gamall ákvað hann að taka nýrri áskorun í Garðabæ. Ábyrgðin á herðum Óskars verður mikil í sumar og þá sérstaklega í ljósi þess að Hilmar Árni Halldórsson verður fjarverandi vegna meiðsla. Óskar hefur lengst af á sínum ferli leikið sem kantmaður en í vetur hefur Ágúst Gylfason látið hann spila meira á miðsvæðinu, þannig getur Óskar með snilli sinni matað sóknarmenn liðsins og þá hefur hann öflugan vinstri fót sem vafalítið mun hlaða í nokkur skot utan teigs. Verði Óskar í banastuði getur Stjarnan leyft sér að dreyma um Evrópusæti.

» Ábyrgðin á herðum Óskars verður mikil í sumar.

## Vörn

Þarna liggja kannski styrkleikar Stjörnunnar. Með Harald Björnsson í markinu er Stjarnan öflug til baka, Haraldur hefur síðustu ár verið jafnbesti leikmaður liðsins. Þórarinn Ingi Valdimarsson hefur komið til baka eftir löng og erfið meiðsli, Þórarinn hefur spilað vel í vetur sem vinstri bakvörður. Ekki er öruggt að Daníel Laxdal verði sami lykilmaðurinn og síðustu ár en Björn Berg Bryde og Brynjar Gauti Guðjónsson gætu myndað miðvarðaparið. Þá hefur Sindri Þór Ingimarsson komið sterkur inn í vetur úr neðri deildum. Óli Valur Ómarsson hefur svo eignað sér stöðu hægri bakvarðar.

## Miðja

Jóhann Árni Gunnarsson kom til Stjörnunnar frá Fjölni í vetur og virðist ætla að stimpla sig hressilega inn í Garðabænum. Jóhann hefur stigið upp eftir að Stjarnan varð fyrir miklu áfalli í upphafi árs, Hilmar Árni Halldórsson, sem verið hefur ein af stjörnum deildarinnar undanfarin ár, sleit þá krossband. Ljóst er að Stjarnan mun sakna Hilmars en með Jóhann Árna og Óskar Örn Hauksson er Stjarnan betur í stakk búin til að leysa fjarveru hans. Eggert Aron Guðmundsson lét til sín taka á síðasta tímabil og verður í enn stærra hlutverki í ár á kantinum. Þá mun Einar Karl Ingvarsson sitja sem akkeri á miðjunni og er góður í því hlutverki.




### Gengi síðustu sex tímabil

**2016** 2. sæti | **2017** 2. sæti | **2018** 3. sæti | **2019** 4. sæti | **2020** 3. sæti | **2021** 7. sæti

**Íslandsmeistarar** 2014 **Bikarmeistarar** 2018

## Fylgstu með

Stjarnan hefur í mörg ár verið með eitt besta yngri flokka starf landsins og nú í ár fá bestu ungu leikmenn félagsins stórt hlutverk. Eftir þessu hefur verið kallað af stuðningsmönnum. Ísak Andri Sigurgeirsson fór á lán til Vestmannaeyja á síðasta ári og hefur komið öflugur til baka. Ísak fékk dýrmæta reynslu með ÍBV en þessi 18 ára kantmaður getur ógnað með hraða sínum og krafti en hann hefur einnig mikla tæknilega getu. Ísak er ekki eini spennandi leikmaðurinn í hópi Stjörnunnar en ungir menn fá mikla ábyrgð í sumar. Má þar nefna Eggert Aron Guðmundsson sem gæti gert góða hluti í sókn Garðbæinga ásamt Ísaki Andra.

## ▲Komnir/farnir▼

- ▲ Óskar Örn Hauksson
- ▲ Jóhann Árni Gunnarsson
- ▲ Þorsteinn Aron Antonsson (láni)
- ▲ Sindri Þór Ingimarsson
- ▼ Casper Sloth
- ▼ Eyjólfur Héðinsson
- ▼ Halldór Orri Björnsson
- ▼ Magnus Anbo
- ▼ Heiðar Ægisson
- ▼ Arnar Darri Pétursson
- ▼ Oscar Borg

## Sókn

Adolf Daði Birgisson hefur skorað í vetur og þá hefur Emil Atlason raðað inn mörkum, Emil hefur hins vegar aldrei náð að vera mikill markaskorari í efstu deild. Emil hefur mest skorað fimm mörk á heilu tímabili en það var fyrir tíu árum síðan, eftir það hefur Emil aldrei tekist að skora meira en þrjú mörk. Vitað er að Stjarnan leitar sér að styrkingu og búast má við að erlendur framherji komi til félagsins á næstu dögum. Mörgum Stjörnumanninum dreymir um að Ágústi Gylfasyni takist að lokka Thomas Mikkelsen, fyrrum framherja Breiðabliks, aftur til landsins, Ágúst og Mikkelsen áttu frábært samstarf hjá Breiðablik í tvö ár. Mikkelsen flutti hins vegar til Danmerkur síðasta sumar og ólíklegt er að hann komi aftur til Íslands.

## Þjálfari

Ágúst Gylfason er sestur við stýrið og hefur komið inn af krafti. Ágúst er þekktur fyrir það að fá leikmenn á sitt band og spila beinskeyttan en árangursríkan fótbolta. Ágúst tók Jökul Elísabetarson með sér sem aðstoðarþjálfara. Jökull hafði tvö síðustu árin þar á undan leitað í hugmyndafræði Óskars Hrafns Þorvaldssonar hjá Breiðabliki og hefur keimur af þeirri hugmyndafræði sést í leik Stjörnunnar í vetur. Í Garðabæ er mikil ánægja með þjálfarateymið en Jökull hefur komið mörgum í starfi Stjörnunnar á óvart með fagmennsku og mikilli þekkingu.

# Ágúst Gylfason komið með ferska vinda í Garðabæ



Albert Brynjar Ingason

## Albert segir

Mér hefur litist virkilega vel á Stjörnuna, þeir eru með ungt og kraftmikið lið. Í vetur hefur Stjarnan spilað skemmtilegan fótbolta og pressað vel. Ég hef verið sérstaklega hrifinn af því hvernig kantmenn og bakverðir vinna saman í pressu. Hægra megin ná Óli Valur og Adolf Daði vel saman. Vinstra megin eru Þórarinn og Ísak svo skemmtilegt teymi, Gústi Gylfa hefur frískað vel upp á hlutina, mér fannst það vanta síðasta sumar þegar Rúnar Páll fór að það væri stemming í kringum þetta. Gústi með Jökul sem aðstoðarmann virðist vera fullkomin blanda. Gústi hefur talað um það að hann sé að læra helling af Jökli.

Stjarnan er með ungt lið og það er kannski aðaláhætta þess að maður sér þá ekki fara ofar í töflunni. Þeir geta unnið öll liðin í deildinni en ungur hópur gæti orðið til þess að stöðugleika muni skorta í Garðabænum. Það munu koma dagar þar sem ungu drengirnir finna ekki taktinn.




Albert er á því að Haraldur þurfi að eiga gott sumar.

> „Ungur hópur gæti orðið til þess að stöðugleika muni skorta í Garðabænum.
>
> Albert Brynjar Ingason

Varnarlega eru þeir sterkir, Sindri Þór Ingimarsson hefur komið öflugur inn og þá hefur Þórarinn Ingi komið ferskur inn í vetur eftir meiðsli. Brynjar Gauti Guðjónsson þarf að haldast heill og Haraldur í markinu þarf að halda uppteknum hætti.

Jóhann Árni sem kom frá Fjölni í vetur hefur verið öflugur, hann og Óskar Örn hafa myndað skemmtilegt teymi á miðsvæðinu. Það er auðvitað gríðarleg blóðtaka fyrir Stjörnuna að missa Hilmar Árna í meiðsli út tímabilið. Hann hefur skorað mörkin. Þetta opnar samt dyrnar fyrir aðra og ef þeir ná að halda uppi sömu pressu og í vetur getur liðið skapað sér helling af færum.

Emil Atlason hefur blómstrað í fremstu víglínu í vetur og stóra spurningin er hvort hann geti haldið því áfram í sumar. Ég held að Stjarnan taki tvo menn í fremstu víglínu á næstu dögum. ■

FRÉTTABLAÐIÐ

# ALLT

KYNNINGARBLAÐ

**ÞRIÐJUDAGUR** 5. apríl 2022

FORLAGIÐ
Alltaf opið á www.forlagid.is






Eva Halldóra Guðmundsdóttir, Björg Jónsdóttir og Harpa Rut Hilmarsdóttir hafa staðið í ströngu undanfarið við undirbúning Barnamenningarhátíðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Tími til að hoppa af kæti

Barnamenningarhátíð hefst í dag með fjölbreyttum viðburðum um alla borg. Hátíðin verður opnuð með pompi og prakt í Hörpu þangað sem öllum 4. bekkingum borgarinnar hefur verið boðið til veislu. Í ár er sérstök áhersla á Úlfarsárdal þar sem Ævintýrahöll verður um helgina. 2

Þær Harpa Rut Hilmarsdóttir, verkefnastjóri barnamenningar hjá Reykjavíkurborg, og Björg Jónsdóttir, verkefnastjóri viðburða hjá borginni, hafa veg og vanda af skipulagningu Barnamenningarhátíðarinnar í ár. Dagskráin er mjög fjölbreytt og skemmtileg venju samkvæmt.

„Í ár leggjum við áherslu á gleði, núna er tími til að hoppa af kæti þar sem síðustu ár hafa ekki boðið upp á mikla mannfögnuði. Núna veitum við börnunum stóra sviðið í menningunni í borginni,“ segir Harpa.

„Þetta er þátttökuhátíð sem þýðir að viðburðirnir eru skipulagðir af okkur en líka öðrum. Börnin fá mikið pláss í menningarhúsum og söfnum um alla borg þar sem þau sýna eigin sköpunarverk sem þau hafa sum verið að vinna að í allan vetur.“

Á meðal sýninga í menningarhúsunum má meðal annars nefna stóra sýningu í Sjóminjasafninu þar sem börnin hafa skapað listaverk eftir að hafa lært um umhverfismál. Í Safnahúsinu á Hverfisgötu sýna grunnskólabörn listaverk sem eru innblásin af náttúrunni. Í Norræna húsinu verða tónleikar, leikhús og krakkabar, í Gerðubergi segja aldraðir börnunum sögur sem krakkarnir vinna svo listaverk út frá í listasmiðju og margt, margt fleira. Einnig verður fjölbreytt dagskrá í félagsmiðstöðvum þar sem krakkarnir frá útrás fyrir listræna tjáningu.

„Unglingarnir eru margir með ákveðin verkefni í sínu nærumhverfi. Hæfileikakeppnir, smiðjur og verkefni sem þau hafa tekið þátt í að hanna. Félagsmiðstöðvar í Breiðholti hafa til dæmis verið að mála hjá sér í hinsegin litum til að leggja áherslu á gleði og fjölbreytileika og unglingarnir í Vesturbænum halda karnival,“ segir Harpa.

Björg útskýrir að Reykjavíkurborg veiti styrki til verkefna á barnamenningarhátíð. Þannig koma inn á hátíðina fjölbreytt verkefni, sem börnin hafa oft unnið að í samstarfi við listafólk.

„Þetta eru viðburðir af mismunandi stærðargráðu, sem er mjög skemmtilegt. Allt frá risastórum viðburðum í Hörpu niður í lítinn viðburð á leikskóla þar sem börnin sýna fyrir foreldrana,“ segir hún.

„Inni á Barnamenningarhátíð er svo önnur minni hátíð sem heitir Ungi, sviðslistahátíð fyrir unga áhorfendur. Þar verður fullt af leiksýningum fyrir börn og fjölskyldur þeirra. Þær verða fyrst og fremst í Tjarnabíói og Norræna húsinu.“



Eva, Björg og Harpa segja margt spennandi í boði fyrir börn úti um alla borg. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Fjórða bekk boðið í Hörpu**

Hátíðinni var þjófstartað í ár með tveimur viðburðum í gær en formleg opnun er í dag þar sem öllum fjórðu bekkingum í Reykjavík er boðið í Hörpu.

„Við erum búin að skipuleggja dagskrá sem er sérstaklega hönnuð fyrir þau. Þar verður frumflutningur á lagi Barnamenningarhátíðar, sem krakkarnir hafa tekið þátt í að skapa. Þau lærðu lagið heima fyrir viðburðinn,“ segir Harpa.

„Krakkarnir áttu að hugsa um hvað veitir þeim gleði. Hvernig þau verða glöð og geta glatt aðra. Þau sendu okkur svo hugmyndir sem við komum áfram til JóaPé og Króla. Þeir tóku hugmyndirnar og bjuggu til alveg geggjaðan texta við lag sem þeir sömdu. Þeir ætla að frumflytja lagið með krökkunum. Þetta verður alveg rosalega skemmtilegt.“

„Þetta er árgangur sem við tökum á móti á hverju ári og bjóðum í Hörpu,“ skýtur Björg inn í.

„Okkur finnst mjög dýrmætt að geta alltaf boðið þessum eina árgangi til okkar. Það tryggir að öll börnin í borginni fara einhvern tímann í Eldborgarsal Hörpu,“ bætir Harpa við.

Opnunarviðburðurinn hefst á klassísku verki sem fiðluleikarinn Sigrún Eðvaldsdóttir flytur og endar á á brjáluðu poppi og dansi að sögn þeirra Hörpu og Bjargar.

Skemmtilegt er að segja frá því að opnunarviðburðurinn verður sýndur í beinni útsendingu á RÚV 2. Þær benda á að allir viðburðir Barnamenningarhátíðar eru ókeypis en dagskrána má finna á barnamenningarhatid.is.

**Þriggja tíma brúðkaup**

Kristinn Óli Haraldsson, eða Króli, segir að þeir Jói hafi ekki getað afþakkað það góða boð að semja lagið fyrir Barnamenningarhátíð í ár.

„Reykjavíkurborg velur höfunda hvert ár og við fengum kallið núna. Eftir skemmtileg lög frá Daða og Jóni og svo Bríet í fyrra og fleirum þá gátum við ekki slegið hendinni á móti þessu. Það er mjög gaman að geta gert svona skemmtilega hluti með honum Jóa. Við fengum Snorra Beck með okkur, sem samdi með okkur Eurovision-lagið sem Katla Njálsdóttir söng. Úr varð þessi skemmtilega gleðisprengja,“ segir Króli.

„Það er alltaf ákveðið þema hvert ár og í ár var það gleði. Hvernig dreifum við gleði og hvað gleður okkur. Textinn er bara svör krakkanna við þessum spurningum. Allt sem við segjum í laginu er eitthvað sem einhverjum fjórða bekkingi í Reykjavík finnst annað hvort dreifa gleði eða veita þeim gleði,“ útskýrir hann.

„Það er margt sem veitir þeim gleði. Í byrjuninni á laginu er talað um að koma mömmu og pabba á óvart með því að ganga frá í húsinu, þau tala líka um að spila tölvuleiki en uppáhaldið mitt er að einhverjum fannst gleðja sig að fara í þriggja tíma brúðkaup. Það er heitið á laginu.“

Eins og áður segir munu þeir JóiPé og Króli syngja lagið með krökkunum í Hörpu í dag og eru spenntir fyrir því.

„Þetta verður mega skemmtilegt,“ segir Króli sem hlakkar til að hitta alla fjórðu bekkinga Reykjavíkur.



Unnar Geir Unnarsson og Agnes Ársælsdóttir eru spennt fyrir dagskránni í Úlfarsárdal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Skjáskot úr myndbandi JóaPé og Króla við lag Barnamenningarhátíðar í ár. MYND/AÐSEND

**Ævintýrahöll í Úlfarsárdal**

Í ár verður sérstök áhersla lögð á Úlfarsárdal sem er nýjasta hverfið í borginni.

„Það verður Ævintýrahöll um helgina, 9. og 10. apríl. Börnum og fjölskyldum er boðið þangað í fjölbreytta dagskrá. Hún byrjar með fjölskyldujóga að morgni og svo verður stígandi í stuðinu. Það verður sundballett og Abba-singalong í sundi. Alls konar upplestrar á bókum og svo endar þetta í krakkakaríókí og krakkareif-danspartíi,“ segir Harpa.

„Það verða líka margar smiðjur þar sem fjölskyldur geta tekið þátt og það verður matur þarna svo fólk getur varið öllum deginum í Ævintýrahöllinni,“ segir Björg.

Borgarbókasafnið í Úlfarsárdal er gestgjafi Ævintýrahallarinnar í ár en þar er Unnar Geir Unnarsson deildarstjóri.

„Það verður dagskrá hjá okkur um allt hús. Bæði inni á bókasafninu og frammi á gangi. Það verður föndursmiðja og dragdrottningin Starína mun koma og lesa fyrir börnin. Klassíski listdansskólinn verður með sýningu, blaðrarinn mætir á svæðið, það verður sirkus og bara nefndu það,“ segir Unnar Geir.

„Svo margt verður í boði hjá okkur um helgina að Barnamenningarhátíð fékk matarvagna til að vera fyrir utan bókasafnið þannig að fólk þurfi ekki að fara heim í mat. Það getur bara fengið sér að borða með okkur. Svo verður frítt í Dalslaug fyrir fullorðna sem verða í fylgd með börnum. En sundlaugin og bókasafnið deila húsnæði.“

Unnar Geir segir að þetta sé kjörið tækifæri til að koma í heimsókn í Úlfarsárdalinn og heimsækja nýja bókasafnið og nýju laugina en hvort tveggja var opnað í desember. Leið 18 stoppar beint fyrir framan bókasafnið og tekur ferðalagið 20 mínútur frá Hlemmi.

„Það er frábært að merkja sig inn í menninguna með því að taka á móti þessari æðislegu hátíð sem Barnamenningarhátíð er. Þetta er algjör gleðisprengja inn í hverfið,“ segir Unnar Geir.

„Við erum að læra á húsið og hvernig er hægt að nýta rýmin fyrir sýningar og viðburði. Núna fáum við alla flóruna til okkar og getum prófað allt og séð hvernig húsið virkar. Við erum mjög spennt fyrir þessari hátíð.“

**Leikskólasýning til gleði**

Það verður fleira á dagskrá í Úlfarsárdal en Ævintýrahöllin. Í anddyri sundlaugarinnar og bókasafnsins verður samsýning á verkum leikskólabarna í Úlfarsárdal og Grafarholti. Agnes Ársælsdóttir er sýningarstjóri.

„Þetta eru krakkar af leikskólunum Maríuborg, Reynisholti, Dalskóla og Geislabaugi. Þetta er túlkun barnanna í sínu nærumhverfi en sýningin heitir Ævintýri í hverju skrefi. Krakkarnir fóru í ferðir um hverfið sitt og tóku fyrir viðfangsefni sem þar var að finna. Sum verkin fjalla um krumma, önnur um strætó, eitt verk er um nýju sundlaugina, svo eru sumir krakkarnir líka að fjalla um heimili sitt. Það er af mjög mörgu að taka,“ segir Agnes.

„Þetta er aðallega myndlistarsýning, en krakkarnir hafa búið til skúlptúra og málverk. Það er líka lítið leikrit á sýningunni sem verður sýnt á skjá. Það er ótrúlega gaman að sjá hvað leikskólarnir eru metnaðarfullir og með flott listrænt starf.“

Sýningin verður opnuð í dag klukkan 14.30 en krakkarnir syngja við opnunina og Jón Jónsson kemur og tekur lagið. Sýningin verður opin á meðan Barnamenningarhátíð stendur yfir. ■

www.barnamenningarhatid.is

Allt er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf.
Ábyrgðarmaður: Jón Þórisson

Umsjónarmenn efnis: Elín Albertsdóttir, elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | Oddur Freyr Þorsteinsson, oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 5766 | Sandra Guðrún Guðmundsdóttir, sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | Starri Freyr Jónsson starri@frettabladid.is, s. 550 5767 | Þórdís Lilja Gunnarsdóttir, thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: Arnar Magnússon, arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, Jón Ívar Vilhelmsson, jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, Jóhann Waage, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, Ruth Bergsdóttir, ruth@frettabladid.is, s. 694 4103.

FRÉTTABLAÐIÐ

# Fasteignablaðið

14. TBL. 5. APRÍL 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS

heimili fasteignasala
á traustum grunni
Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is

FÉLAG FASTEIGNASALA

domus



Ársæll Steinmóðsson
Löggiltur fasteignasali
as@domus.is
sími: 896-6076

Domus fasteignasala | Fjarðargata 13-15 | 220 Hafnarfjörður | Sími 440 6000 | domus@domus.is

**Miðdalur 5 - 190 Vogum**






**Opið hús miðvikudaginn 6 apríl 17:00-18:00.**
Glæsilegt og vandað 227,1 fm 6 herbergja einbýlishús á rólegum og fjölskylduvænum stað í Vogum á Vatnsleysuströnd. Húsið var innréttað 2014 og harðparket var endurnýjað haustið 2021. 2 stofur og 4 rúmgóð svefnherbergi. Fallegt eldhús með mjög góðu skápa og skúffuplássi. Stór suðursólpallur með heitum potti og rúmgóður bílskúr. **Verð kr. 96,9 mkr.**

**Nánari upplýsingar veitir Ársæll lgfs í síma 896-6076**
**og á netfanginu as@domus.is**

www.domus.is

LIND
FASTEIGNASALA

LEITAR AÐ
STARFSMANNI

Lind fasteignasala óskar eftir
starfsmanni á skrifstofu í 100% starf.
**Starfslýsing:**
Sendill, afgreiðsla og skjalavinnsla.

Vinsamlegast hafið samband við
**kristjan@fastlind.is**

Atvinnublaðið
— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is




Neðri hæðin er björt og rúmgóð.

# Fallegt raðhús í Norðlingaholti

Fold fasteignasala, sími 552-1400, kynnir: Fallegt og vel skipulagt endaraðhús á frábærum stað í Norðlingaholti. Eignin er skráð samtals 203,7 fm samkvæmt Þjóðskrá Íslands. Íbúðin er 177,3 fm og bílskúrinn er 26,4 fm sem búið er að breyta í herbergi. Gott fjölskylduhús með 6 svefnherbergjum og 2 baðherbergjum.

Neðri hæð: Komið er inn í opið anddyri. Flotað gólf. Baðherbergi með flísum á gólfi, upphengt salerni og sturta.

Bílskúr og geymslu er búið að breyta í 2 barnaherbergi, annað með parketi en hitt með harðparketi. Lítil geymsla er á milli herbergja.

Eldhús er bjart og opið með viðarinnréttingu, granítborðplötu, AEG keramik-helluborði, bakarofni og Smeg háfi. Parket á gólfi. Athugið að dökkir glerskápar í eldhúsi fylgja ekki með.

Stofa og borðstofa eru rúmgóðar með parketi og þaðan er útgengi á hellulagða verönd sem snýr í vestur. Við suðurhlið hússins er búið að gera góða útiaðstöðu, meðal annars um það bil 14,5 fm óskráðan sólskála með rafmagnspotti og um það bil 14,5 fm óskráðan geymsluskúr.

Gengið er upp teppalagðan stiga með kókosteppi.

Efri hæð: Á efri hæð er hol með parketi og er útgengi út á 8 fm svalir sem snúa inn í garðinn.

Fjögur svefnherbergi með parketi á gólfi. Útgengt á 31,3 fm norðursvalir úr einu þeirra. Innbyggður fataskápur er í einu herbergjanna.

Baðherbergi er nýuppgert með flísalögðu baðkari. Upphengt salerni. Baðherbergið er með glugga.

Flísalagt þvottahús með innréttingu og vaski. Þvottavél og þurrkari er í vinnuhæð. Gluggi er á þvottahúsi.

Fallegt endaraðhús á frábærum stað við útivistarparadísina Heiðmörk sem er í næsta nágrenni og svo er stutt í leik- og grunnskóla í hverfinu. ■




Raðhús er til sölu í Norðlingaholti.




Stutt er í fallegar gönguleiðir frá húsinu.

Nánari upplýsingar hjá Fold fasteignasölu, Sóltúni 20, 105 Reykjavík. fold@fold.is Vinsamlegast bókið einkaskoðun á fold@fold.is eða hjá sölumönnum: Sími 552-1400 / utan skrifstofutíma: Hlynur 624-8080, Einar lgf. 893-9132, Gústaf, lgf. 895-7205, Rögnvaldur 660-3452 og Viðar lgf. 694-1401. www.fold.is.

# FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.

Óðinsgötu 4, 101 Reykjavík

Sími 570 4500 • fastmark@fastmark.is • www.fastmark.is
Jón Guðmundsson lögg. fasteignasali
Guðmundur Th. Jónsson lögg. fasteignasali

*Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI*

2021 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri


Jón Guðmundsson
Lögg. fasteignasali
jon@fastmark.is


Guðmundur Th. Jónsson
Lögg. fasteignasali
gtj@fastmark.is


Elín D. Guðmundsdóttir
Lögg. fasteignasali
elin@fastmark.is


Sigríður Kjartansdóttir
Lögg. fasteignasali
sigridur@fastmark.is


Hallveig Guðnadóttir
Skrifstofustjóri
hallveig@fastmark.is

## Starfandi í 40 ár – 1982-2022

### *Maríugata 40 – Garðabæ. 4ra – 5 herbergja með bílskúr.*



- Ný og björt og vel skipulögð 134,6 fermetra 4ra - 5 herbergja íbúð á 4. hæð í vönduðu og álklæddu fimm hæða fjölbýlishúsi við Maríugötu 40 í Garðabæ. Íbúðinni fylgir 26,6 fermetra bílskúr.
- Íbúðin er bæði með baðherbergi og gestasnyrtingu, aukinni lofthæð og innfelldri lýsingu í loftum. Stofa og eldhús í björtu alrými með útgengi á svalir til austurs. 3 rúmgóð svefnherbergi.
- Allar innréttingar eru frá GKS. Ísskápur, háfur, helluborð og blástursofn eru frá Electrolux. Hreinlætistæki eru frá GROHE.
- Frábær staðsetning á mjög fallegum útsýnisstað í jaðri Heiðmerkur í Urriðaholti í Garðabæ í nálægð við grunn- og leikskóla. Stutt í verslanir í Kauptúni.

**Verð 109,5 millj.**

### *Sléttuvegur 17. 4ra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr.*




Eignin verður til sýnis í dag, þriðjudag frá kl. 17.00 – 17.30

- Björt og vel skipulögð 126,4 fermetra 4ra herbergja endaíbúð á 7. hæð með gluggum í þrjár áttir og tvennum svölum í fjölbýlishúsi ætlað 55 ára og eldri.
- Tvær íbúðir eru á hæðinni. 24,8 fermetra sérstæður bílskúr fylgir eigninni.
- Mjög stórar og bjartar samliggjandi stofur. Yfirbyggðar og opnanlegar svalir til suðurs út af stofum. Glæsilegt útsýni er til suðurs yfir Reykjanesið, út á sjóinn, að Bláfjöllum og víðar.
- Lóðin er með fjölda bílastæða og góðri aðkomu. Hellulagðar gangstéttir norðan við húsið og tyrfð flöt til suðurs. Starfandi húsvörður er í húsinu.

**Verð 99,5 millj.**

### *Krókháls 5F. Atvinnuhúsnæði.*




- Mjög gott 497,8 fermetra atvinnuhúsnæði á 2. hæð (götuhæð Krókhálsmegin) í lyftuhúsi að Krókhálsi 5F.
- Tveir inngangar eru í húsið, bæði frá Járnhálsi og Krókhálsi. Mögulegt að setja innkeyrsluhurð. Hljóðeinangrandi loft í hluta húsnæðisins.
- Lóðin er 19.980 fm að stærð. Afgirt malbikað stórt bílaplan með fjölda bílastæða.
- Gott athafnasvæði fylgir eignarhlutanum.

**Verð 129,5 millj.**

### *Skipholt 21 – Vel staðsett verslunar- og lagerhúsnæði - Til sölu eða leigu*



- Bjart og virkilega vel staðsett 339,3 fermetra verslunar- og lagerhúsnæði með góðri aðkomu, miklu auglýsingagildi og nægum bílastæðum á horni Skipholts og Nóatúns.
- Eignarhlutanum fylgja tvö sérmerkt bílastæði í porti á bakvið húsið þar sem vörumóttaka er möguleg.
- Verslunarhluti húsnæðisins auk kaffistofu og snyrtingar eru nýlega endurnýjuð á vandaðan og smekklegan máta og eru í góðu ástandi. Raflagnir og tafla fyrir verslunarhluta eru nýleg og verslunarrýmið, kaffistofa og snyrting í góðu ástandi.
- Þetta er ört vaxandi verslunarstaður og hefur staðsetningin mikið auglýsingagildi á fjölförnu umferðarhorni.

**Verð 129,0 millj.**

## *Þarft þú að stækka eða minnka við þig en finnur ekki réttu eignina ?*

*Höfum fjölda aðila á skrá sem vilja selja í skiptum fyrir stærri eða minni eignir.*

**Hafðu samband og skráðu þig hjá okkur - Við finnum réttu eignina fyrir þig.**

**https://www.facebook.com/fastmark.is - https://www.instagram.com/fasteignamarkadurinn_ehf/**



# BÚSETURÉTTIR TIL SÖLU

Hafnarfjörður, Kópavogur,
Reykjavík: Fossvogur, Grafarholt, Miðbær og Mjódd.

BÚSETI

### SKÓGARVEGUR 16 · 103 RVK.




66,7 ferm. | 2ja herb. | 301 íbúð nr.

Búseturéttur: 8.974.732 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 199.433 kr.
Mögulegt lán: 4.487.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í maí.

### TRÖNUHJALLI 15 · 200 KÓP.




75 ferm. | 3ja herb. | 201 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.453.438 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 189.603 kr.
Mögulegt lán: 1.300.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### ÞVERHOLT 21 · 105 RVK.




85,1 ferm. | 3ja herb. | 404 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.682.039 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 237.668 kr.
Mögulegt lán: 5.341.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Samkomulag.

### ÁRSKÓGAR 5 · 109 RVK.




91,5 ferm. | 3ja herb. | 103 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.777.918 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 233.015 kr.
Mögulegt lán: 5.388.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Sem fyrst.

### KIRKJUSTÉTT 7 · 113 RVK.




99 ferm. | 4ra herb. | 202 íbúð nr.

Búseturéttur: 5.971.284 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 230.246 kr.
Mögulegt lán: 1.500.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í júlí.

### BLIKAÁS 21 · 201 HFJ.




110,1 ferm. | 4ra herb. | 101 íbúð nr.

Búseturéttur: 6.948.480 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 249.802 kr.
Mögulegt lán: 1.800.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Í júní.

### AUSTURKÓR 90 · 203 KÓP.




137,7 ferm. | 5 herb. | 301 íbúð nr.

Búseturéttur: 10.941.779 kr.
Mánaðarlegt búsetugjald: 256.251 kr.
Mögulegt lán: 2.000.000 kr.
Afhending að ósk seljanda: Miður júní.

BÚSETI ER STOLTUR AÐILI AÐ:

GRÆNNI BYGGÐ

Festa miðstöð um samfélagsábyrgð

### HAFÐU SAMBAND

WWW.BUSETI.IS
buseti@buseti.is
Sími: 556 1000

Birt með fyrirvara um villur og breytingar.

### ÁVINNINGUR

- Örugg búseta
- Minni fjárbinding
- Réttur til vaxtabóta
- Lægri kaup- og sölukostnaður
- Búseti sér um ytra viðhald

### INNIFALIÐ Í BÚSETUGJALDI

Fjármagnskostnaður, skyldutryggingar, hiti, fasteignagjöld, hússjóður, þjónustugjald og framlag í viðhaldssjóð.

### NÝTT Í SÖLU

Umsóknarfrestur: Til **12. apríl kl. 16:00**.
Rafræn úthlutun: **13. apríl kl. 12:00.**
Umsækjendum er raðað í röð þar sem hæstbjóðandi er efstur. Þegar um sömu tilboðsfjárhæð er að ræða er farið eftir félagsnúmeri.




Vinnvinn | Kringlan 7 | 103 Reykjavík
Sími 552 1212 | vinnvinn@vinnvinn.is | www.vinnvinn.is

RÁÐNINGAR \ RÁÐGJÖF

# MIKLABORG



**Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson**
hdl. og löggiltir fasteignasalar

**Jón Rafn Valdimars** – lögg. fasteignasali – Sími: 695 5520
**Gunnar S. Jónsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 5856
**Ólafur Finnbogason** – lögg. fasteignasali – Sími: 822 2307
**Elín Alfreðsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 3090
**Þórunn Pálsdóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 773 6000
**Ómar Hvanndal** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 832 3200
**Friðjón Ö. Magnúss.** – lögg. fasteignasali – Sími: 692 2704
**Jason Kr. Ólafsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 775 1515
**Íris Arna Geirsdóttir** – aðst. fasteignasala – Sími: 770 0500
**Þröstur Þórhallsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 897 0634
**Jórunn Skúladóttir** – lögg. fasteignasali – Sími: 845 8958

2015
2021
Framúrskarandi fyrirtæki



**Þóroddur S. Skapta** – lögg. fasteignasali – Sími: 868 4508
**Svan G. Guðlaugsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 697 9300
**Atli S. Sigvarðsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 899 1178
**Óskar H. Bjarnasen** – lögg. fasteignasali – Sími: 691 1931
**Kjartan Í. Guðmunds** – lögg. fasteignasali – Sími: 663 4392
**Þórhallur Biering** – lögg. fasteignasali – Sími: 896 8232
**Árni Davíð Bergs** – aðst. fasteignasala – Sími 625 2500
**Friðrik Þ. Stefáns** – hdl. & aðst. fasteignas – Sími: 616 1313
**Óskar S. Axelsson** – aðst. fasteignasala – Sími: 691 2312
**Ingi Þór Ingólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 698 4450
**Páll Þórólfsson** – lögg. fasteignasali – Sími: 893 9929
**Ragnheiður Péturs** – hdl. og löggiltur fasteignasali

---

**NÝTT** Í SÖLU





## Einimelur 1
**107 Reykjavík**

**Fallegt og vel skipulagt 278,5 fm einbýli við Einimel**

- 5 svefnherbergi
- Bílskúr
- Stór lóð með tveimur pöllum, heitum potti og útisturtu
- Vandað hús í hjarta Vesturbæjarins þar sem stutt er í skóla og alla helstu þjónustu

Nánari upplýsingar:
**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

---

**NÝTT** Í SÖLU





## Hávallagata 24
**101 Reykjavík**

**Hamragarðar eitt af „HÚSUM" miðborgarinnar ...**

- Einstaklega glæsilegt 380 fm einbýlishús
- Teiknað af Guðjóni Samúelssyni, húsameistara ríkisins, árið 1941
- Aukin lofthæð
- Möguleiki á auka íbúð í kjallara
- Virðulegt vandað og vel við haldið hús

**Gunnar S. Jónsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 899 5856**
gunnar@miklaborg.is

**Jón Rafn Valdimars**
lögg. fasteignasali
**Sími: 695 5520**
jon@miklaborg.is

Verð: **Tilboð**

---

**NÝTT** Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN**
í síma **775 1515** eða **770 0500**



## Kjarrás 10
**210 Garðabær**

**Einstaklega vandað og glæsilegt 197,9 fm raðhús á einni hæð með bílskúr**

- Hol, svefnherbergisgangur, eldhús, stofa, borðstofa, 4 svefnherbergi, 2 baðherbergi, geymsla, þvottahús og bílskúr (svefnherbergi 5)
- Út af stofunni er um 60 fm pallur með heitum potti

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is

Verð: **134,9 millj.**

---

**NÝTT** Í SÖLU



**PANTIÐ SKOÐUN**
í síma **775 1515** eða **770 0500**



## Holtsbúð 79
**210 Garðabær**

**Einbýlishús 196,4 fm á fyrstu hæð**

- Förgur svefnherbergi, snyrting, baðherbergi, stofur, eldhús, þvottahús, anddyri og rúmgóðum bílskúr
- Allt á einni hæð
- Stór og fallegur garður með heitum potti og geymsluskúr

**Jason Ólafsson**
lögg. fasteignasali
**Sími: 775 1515**
jko@miklaborg.is

**Íris Arna Geirsdóttir**
aðst. fasteignasala
**Sími: 770 0500**
iris@miklaborg.is

Verð: **152 millj.**

---

Fasteignasalan
Miklaborg
Lágmúla 4
108 Reykjavík

**569 7000**

**Með þér alla leið**

**miklaborg.is**

# Neðri-Dalur og Stallar

**806 Biskupstungum**

## Til sölu er jörðin Neðri-Dalur og lögbýlið Stallar í Biskupstungum

- Næsta jörð (vestan) við GEYSI í Haukadal
- 2ja km fjarlægð frá Geysi og stutt í Gullfoss
- Frábær staðsetning í alfaraleið
- Stærð um 1200 Ha., þ.a. um 400 Ha á láglendi
- Einbýlishús, hlaða og gróðurhús

**Miklir möguleikar á ferðatengdri uppbyggingu og heilsutengdri ferðaþjónustu:**

- Hóteluppbygging eða smáhýsi
- Miðstöð útgerðar hálendis-og jöklaferða
- Heitt vatn og góð kaldavatnslind
- Hentar vel fyrir spa og laugar
- Fjallaferðir, gönguleiðir og reiðleiðir
- Lífræn ræktun á grænmeti







**Einstakt tækifæri** til uppbyggingar í ferðamennsku á besta stað á Gullna hringnum

**HAFIÐ SAMBAND** við Friðrik í síma **616 1313**





Nánari upplýsingar veitir:

**Friðrik Þ. Stefánsson**
hdl. og aðst. fasteignas.
**Sími: 616 1313**
fridrik@miklaborg.is
Jón Rafn Valdimarsson, lögg. fasteignasali

**MIKLABORG** | Með þér alla leið



BÚUM VEL

**Sérhæfð lögfræðiþjónusta með áherslu á 60+**

Ráðgjöf varðandi húsnæðisskipti, erfðaskrá, kaupmála eða dánarbúskipti. Lögmaður þér við hlið við sölu fasteignar án þess að greiða aukalega fyrir þá þjónustu.

**BÚUM VEL veitir nýja tegund þjónustu. Kynntu þér málið.**

**Elín Sigrún Jónsdóttir, lögmaður | Tryggvagötu 11, 2. hæð**
**Sími 783 8600 | elin@buumvel.is | www.buumvel.is**

# Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

**Beinn sími: 550 5625**

**Sölufulltrúar:**
Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is
Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

**job**

Finnum draumastarfið **saman**



Erum við að leita **að þér?**




# ÚTKALL

## ÞRIÐJUDAGA KL. 19.30

Í þáttunum fer höfundur yfir bækur sínar og fær til sín góða gesti sem hafa tengingu við eða upplifðu slysin sem um verður fjallað í hverjum þætti.

SVN olís SJÓVÁ


Okkur vantar grafískan hönnuð
og viðskiptastjóra
Opnaðu QR-kóðann fyrir frekari upplýsingar.
Umsóknir ásamt ferilskrá berist
á **umsoknir@pipar-tbwa.is** fyrir miðnætti 10. apríl.
Pipar\TBWA


RÁÐGJÖF
Að gera betur í dag en í gær
er drifkraftur nýrra hugsana
og betri árangurs.
RÁÐNINGAR
Starfsmenn eru lykill
að árangri allra fyrirtækja.
RANNSÓKNIR
Rannsóknir auka þekkingu
og gera ákvarðanir markvissari
RÍKISKAUP
AÐILI AÐ RAMMASAMNINGI
**Intellecta** er sjálfstætt þekkingarfyrirtæki stofnað árið 2000. Við vinnum með stjórnendum við að auka árangur, bæta rekstur og efla stjórnun. Ráðgjafar Intellecta hafa sterkan faglegan bakgrunn og víðtæka alþjóðlega reynslu. Þennan grunn notum við í samvinnu við viðskiptavini til að móta hugmyndir sem skipta máli og í innleiðingu lausna sem skila árangri.
**Intellecta ehf.** Síðumúla 5 108 Reykjavík 511 1225 intellecta.is
intellecta


Laugarnar í Reykjavík
Fyrir líkama og sál
Sýnum hvert öðru tillitssemi
ÍTR
www.itr.is

## Þjónusta

### Bókhald

**FRAMTALSAÐSTOÐ - BÓKHALDSÞJÓNUSTA**

Bjóðum einstaklingum framtalsaðstoð og fyrirtækjum alhliða bókhalds og uppgjörsþjónustu.

Góð þjónusta á sanngjörnu verði.

**Uppl. í síma 8548080/5168080**
**retta.is**
**olafur@retta.is**

Rétta ráðgjafa- og bókhaldsþjónusta

### Málarar

**REGNBOGALITIR EHF**

Getum bætt við okkur verkefnum innanhúss. Löggiltur málarameistari. Löggiltir málarar. Vönduð vinna, vanir menn. www.regnbogalitir.is malarar@simnet.is. Sími 8919890

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**

Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**

Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

### Nudd

**NUDD NUDD NUDD**

Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

### Rafvirkjun

**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**

Töfluskipti, myndsímar. Hagstæð verð. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

## Húsnæði

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**

Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**

Geymslur af öllum stærðum. Allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Keypt & Selt

### Til sölu

Notað United TV 20" flatskjár verð 3.000,-kr. Tala einungis ensku. Uppl. síma: 776 3667, Tómas.

Gítarinn ehf.
Stórhöfði 27
Sími 552 2125
www.gitarinn.is



Kassagítarar á tilboði

Gítarar og hljómborð í miklu úrvali

Verð við allra hæfi

mýranaut

Gæða ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

### Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM OG LÁNUM ÚT Á: GULL, DEMANTA, VÖNDUÐ ÚR OG MÁLVERK!**

Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!

www.kaupumgull.is

**Opið mán - fös 11-15, Skipholt 27, 105**

**Upplýsingar í síma 788 1590**

## Heilsa

### Heilsuvörur

gott cbd.is






GEFÐU VATN
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

Við leiðum fólk saman
hagvangur.is
HAGVANGUR

ÞESSI VIFTA SKYNJAR SKÍTALYKT



TILBOÐ
31.634
VAR 38.086

SKYNJAR LYKT - SKYNJAR RAKA - MJÖG HLJÓÐLÁT - APP EÐA TAKKAR

VIFTUR.IS

íshúsið

S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur



Pantaðu á appinu, www.Spadinn.is eða síma 488-8888

# Spaðinn

Dalvegur 32B
Fjarðargata

# Þriðjudagstilboð Spaðans er besta Þriðjudags pizzatilboð landsins

## 16" af matseðli á 1600 kr

Það er ekkert sem toppar 16" pizzu af matseðli á 1600 kr. Þú getur valið úr yfir 30 tegundum af gómsætum og afar matarmiklum pizzum, þar sem allir geta fundið eithvað fyrir sinn smekk. Við bjóðum síðan uppá gos og allskonar meðlæti á frábæru verði





Okkar ástkæra
**Björg Ólafsdóttir**
frá Brimilsvöllum,

lést 25. mars.
Útför verður frá Áskirkju
miðvikudaginn 6. apríl kl. 11.
Hjartans þakkir til starfsfólks Seltjarnar
fyrir afbragðsumönnun og hlýtt viðmót.

**Snorri Sigurjónsson** **Anna Birna Ragnarsdóttir**
**Hrefna Sigurjónsdóttir** **Sigurður Snorrason**
**Kristján Sigurjónsson** **Áslaug Óttarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Ástkær systir okkar og frænka,
**Lilja Sigurðardóttir**
frá Kirkjubóli, Mosdal, Arnarfirði,
áður Laugarnesvegi 76,

lést á Droplaugarstöðum
laugardaginn 2. apríl.
Útförin verður auglýst síðar.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigurjón M. Sigurðsson**
**Kristinn Sigurðsson**
**Jóna Kristjana Kristinsdóttir**
**Sigurður Kristinsson**
**Óskar Kristinsson**

---



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug við andlát og útför móður
okkar, tengdamóður, ömmu
og langömmu,
**Ástu Sigurðardóttur**
Túngötu 3, Vestmannaeyjum,

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunar- og
dvalarheimilinu Hraunbúðum og Heimahjúkrun í
Vestmannaeyjum fyrir kærleiksríka umönnun.

**Sigurður K. Ragnarsson** **Margrét E. Ragnheiðardóttir**
**Daði Garðarsson** **Magnea Ósk Magnúsdóttir**
**Ásbjörn Garðarsson**
**Gylfi Garðarsson**
**Lilja Garðarsdóttir** **Gísli Magnússon**
**Gerður Garðarsdóttir** **Eyjólfur Heiðmundsson**
**Sigmar E. Garðarsson** **Ragna Garðarsdóttir**

---


ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utforin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og ræðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahellu 9b, Hafnarfirði



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA
Útfararþjónusta í yfir 70 ár
Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN


---



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð
og hlýhug vegna andláts ástkærs
eiginmanns míns, föður okkar,
tengdaföður, afa og langafa,
**Valdemars Hansen**
læknis.

Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Erna Andrésdóttir Hansen**
**Hlíf Hansen** **Ásbjörn Björnsson**
**Thelma Hansen**
**Arna Hansen** **Guðjón Norðfjörð**
**Drífa Hansen** **Konráð Sigurðsson**
**barnabörn og langafabarn.**

---



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir og amma,
**Pálína Ákadóttir**
Efstalandi 4, Reykjavík,

lést föstudaginn 1. apríl.

**Pálína Ósk Bragadóttir** **Þorsteinn Bjarnason**
**Jónína Gestsdóttir** **Steven John Rogers**
**Áki Brynjar Gestsson** **Ragnheiður Gústafsdóttir**
**Jón Heiðar Gestsson** **Ólöf Guðmundsdóttir**
**og barnabörn.**

---



Elskulegur eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir og afi,
**Runólfur Sigtryggsson**
Krummahólum 4,

lést þann 31. mars sl.
Útförin fer fram frá Fella- og Hólakirkju
miðvikudaginn 13. apríl kl. 15.

**Halldóra Bachmann Sigurðardóttir**
**Sigtryggur Runólfsson**
**Árný Birna Runólfsdóttir** **Arnar Freyr Bjarkarson**
**Ragnheiður Sölvadóttir**
**Sigurður Ívar Sölvason**
**Halldór Andri Sölvason**
**Leon og Helena**

---



**Helgi Ásgeirsson**
Njálsgötu 5, Reykjavík,

lést á Landakoti 31. mars.
Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju
föstudaginn 8. apríl 2022 kl. 15.00.
Innilegar þakkir til Heimaþjónustu
Reykjavíkurborgar og starfsfólks L-5
á Landakoti fyrir elskulega umönnun.

**Fyrir hönd vina,**
**Þórólfur Árnason**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,
**Hólmfríður Árnadóttir**
prófessor emeritus
og myndlistarmaður,
Hvassaleiti 40, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala laugardaginn 26. mars. Útförin fer
fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 15.

**Brjánn Árni Bjarnason** **Steinunn Gunnlaugsd.**
**Bolli Bjarnason** **Ellen Flosadóttir**
**Gunnlaugur Bollason** **Unnur Þorgeirsdóttir**
**Unnur Hólmfríður Brjánsdóttir** **Gauti Þormóðsson**
**Elva Bergþóra Brjánsdóttir** **Dagur Hilmarsson**
**Fannar Bollason**
**Fjalar Bollason**
**og barnabarnabörn.**

---



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,
**Svavar Sædal Einarsson**
Mávatjörn 10, Njarðvík,

lést á Landspítalanum v/Fossvog,
mánudaginn 28. mars.
Útförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju,
föstudaginn 8. apríl klukkan 12.

**María Björnsdóttir**
**Einar Sædal Svavarsson**
**Jóhann Sædal Svavarsson** **Sandra Júlíana Karlsdóttir**
**Linda Ósk Svavarsdóttir** **Fannar Vilhjálmsson**
**og Henry Elfar Jóhannsson**

---



Elskuleg móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,
**Guðbjörg María Gunnarsdóttir**
Lækjasmára 8,

lést miðvikudaginn 16. mars
á hjúkrunarheimilinu Sóltúni.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.
Sérstakar þakkir til starfsfólks Sóltúns.

**Jón Heimdal Magnússon**
**Gunnar H. Magnússon** **Elísabet Eyjólfsdóttir**
**Sissel Sördal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



Elskuleg systir okkar,
mágkona og frænka,
**Elín Pálmadóttir**
blaðamaður og rithöfundur,

lést á hjúkrunarheimili Hrafnistu
við Brúnaveg aðfaranótt 2. apríl.

**Sólveig Pálmadóttir**
**Helga Pálmadóttir** **Helgi Samúelsson**
**systkinabörn og fjölskyldur þeirra.**

---



Okkar ástkæri
**Guðmundur Kristinsson**
rithöfundur
og fyrrverandi aðalféhirðir
Landsbanka Íslands á Selfossi,
Bankavegi 2, Selfossi,

verður jarðsunginn frá Skálholtsdómkirkju föstudaginn
8. apríl kl. 14. Athöfninni verður streymt á skalholt.is
og hlekk á streymi má nálgast á www.mbl.is/andlat.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Sigfús Kristinsson**

---



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,
**Anna Dagmar Daníelsdóttir**
Hringbraut 9, Hafnarfirði,

lést á Hrafnistu í Hafnarfirði
þann 24. mars.
Útförin fer fram frá Fríkirkjunni
í Hafnarfirði, fimmtudaginn 7. apríl kl. 13.00.
Innilegar þakkir færum við starfsfólki Ægishrauns
fyrir einstaka umönnun og hlýju.
Þeim sem vildu minnast hennar er bent á Rauða krossinn
á Íslandi til styrktar flóttafólki frá Úkraínu.
Athöfninni verður streymt á vefslóðinni
https://youtu.be/3Ooai4-jr9A

**María Kristín Sigurðardóttir** **Kristinn G. Garðarsson**
**Dagný B. Sigurðardóttir** **Guðmundur Þórarinsson**
**Elías Rúnar Elíasson**
**Albert Júlíus Sigurðsson**
**Daníel Sigurðsson** **Ethel Brynja Sigurvinsdóttir**
**Hafdís Sigurðardóttir** **Pálmi Helgason**
**Hjördís Anna Sigurðardóttir** **Vilhelm Pétur Pétursson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**

---

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á
**timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

# Lyfjaval
## Apótek

Bílaapótekið Hæðasmára

## Hafðu það bara **huggulegt**
## **Afgreiðsla beint í bílinn**

**Öruggt,** fljótlegt og afar **þægilegt**
**- sjö** lúgur

**Heimaprófin fyrir Covid-19 fást hjá okkur**



Bílaapótekið Hæðasmára **Opið 10 – 23 alla daga**

**Þú finnur apótek Lyfjavals í Mjódd, bílaapótek Hæðasmára og í Apóteki Suðurnesja**

**Lyfjaval Mjódd**
Opið virka daga 08.45 – 18.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

**Lyfjaval Hæðasmára Bílaapótek**
Opið alla daga 10.00 – 23.00

**Apótek Suðurnesja**
Opið virka daga 09.00 – 19.00
Laugardaga 12.00 – 16.00

# Dagskrá

## Hringbraut

**18.30 Fréttavaktin** Farið yfir fréttir dagsins í opinni dagskrá.
**19.00 Matur og heimili** Sjöfn Þórðar fjallar um matargerð í bland við íslenska hönnun og fjölbreyttan lífsstíl.
**19.30 Útkall** Útkall er sjónvarpsútgáfan af sívinsælum og samnefndum bókaflokki Óttars Sveinssonar.
**20.00 433.is** Farið yfir allt það helsta í heimi íþrótta, heima og erlendis.
**20.30 Fréttavaktin**
**21.00 Matur og heimili (e)**

## RÚV Sjónvarp

**13.00 Heimaleikfimi**
**13.10 Kastljós**
**13.35 Útsvar 2010-2011** Hornafjörður-Norðurþing.
**14.25 Andri á flandri - Í Vesturheimi** Winnipeg, fyrri hluti.
**15.00 89 á stöðinni**
**15.25 Lífsins lystisemdir**
**15.55 Maðurinn sem minnkaði vistsporið sitt**
**16.35 Menningarvikan**
**17.05 Íslendingar** Björn Th. Björnsson.
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Hönnunarstirnin**
**18.18 Tilraunastofan**
**18.41 KrakkaRÚV - Tónlist** Góða nótt-KK.
**18.45 Krakkafréttir**
**18.50 Lag dagsins**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.00 Zelensky forseti Zelensky, The Story** Glæný heimildarmynd um Volodímír Selenskíj, forseta Úkraínu, sem er staðráðinn í að berjast gegn innrásarher Rússlands og hefur verið hylltur sem hetja víða um heim. Selenskíj á ótrúlegan feril að baki. Hann var leikari áður en hann tók við forsetaembættinu 2019 og hafði enga reynslu af stjórnmálastörfum.
**21.00 Trúður Klovn VIII**
**21.30 Laustengd og liðug Semi-Detached**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Snjóenglar Snöänglar**
**23.20 Griðastaður Sanctuary**
**00.05 Dagskrárlok**

## Sjónvarp Símans

**12.30 Dr. Phil**
**13.15 The Late Late Show**
**14.00 Celebrity Best Home Cook**
**14.00 The Block**
**15.00 Survivor**
**16.30 Spin City**
**16.55 The King of Queens**
**17.15 Everybody Loves Raymond**
**17.40 Dr. Phil**
**18.25 The Late Late Show**
**19.10 The Moodys**
**19.40 American Auto** Bandarísk gamansería sem gerist í höfuðstöðvum bílaframleiðanda í Detroit þar sem skrautlegur hópur stjórnenda freistar þess að aðlaga fyrirtækið breyttum aðstæðum.
**20.10 Good Sam**
**21.00 FBI**
**21.50 FBI. Most Wanted**
**22.40 Why Women Kill**
**23.30 The Late Late Show**
**00.15 Berlin Station**
**01.10 Chicago Med**
**01.55 Station 19**
**02.40 Tónlist**

## Stöð 2

**08.00 Heimsókn**
**08.25 The O.C.**
**09.05 Bold and the Beautiful**
**09.25 Masterchef USA**
**10.05 Jamie's Easy Meals for Every Day**
**10.30 Call Me Kat**
**10.50 Shark Tank**
**11.30 Queen Sugar**
**12.15 30 Rock**
**12.35 Nágrannar**
**12.55 Amazing Grace**
**13.40 Secrets of Sleep**
**14.25 City Life to Country Life**
**16.00 Grey's Anatomy**
**16.45 Bætt um betur**
**17.25 Bold and the Beautiful**
**17.50 Nágrannar**
**18.26 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Sportpakkinn**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Hell's Kitchen USA**
**19.55 B Positive**
**20.15 S.W.A.T.**
**21.00 Magnum P.I.**
**21.50 Men in Kilts. A Roadtrip with Sam and Graham**
**22.20 Last Week Tonight with John Oliver**
**22.50 Nach**
**23.10 Outlander**
**00.05 Next**
**00.50 Supernatural**
**01.30 The O.C.**
**02.15 Masterchef USA**
**02.55 Shark Tank**
**03.35 Queen Sugar**

## Í heimsókn í sumarbústað Þórunnar Högna



Sjónvarpsþátturinn Matur og heimili verður að vanda á dagskrá Hringbrautar í kvöld, en þar mun Sjöfn Þórðardóttir heimsækja Þórunni Högna stílista og fagurkera með meiru í sumarbústaðinn hennar í Grímsnesi sem hún hefur verið að breyta og bæta og er búin að setja í páskabúninginn. Einnig heimsækir Sjöfn Katrínu Halldóru Sigurðardóttur, söng- og leikkonu, og fær innsýn í heimilisstíl hennar. ■

## Krossgáta

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT**
1 krapi
5 skaði
6 hljóm
8 klaufaskapur
10 tveir eins
11 nudd
12 barningur
13 vætlar
15 mótlæti
17 mein

**LÓÐRÉTT**
1 súlur
2 rölt
3 líkja
4 kaupauki
7 sættir
9 fúslega
12 vafstur
14 eldsneyti
16 óró

**LÁRÉTT:** **1** slabb, 5 tap, 6 óm, 8 ólagni, 10 ll, 11 juð, 12 basl, 13 agar, 15 raunir, 17 skaði.
**LÓÐRÉTT:** **1** stólpar, 2 lall, 3 apa, 4 bónus, 7 miðlari, 9 gjarna, 12 bauk, 14 gas, 16 ið.

## Skák Gunnar Björnsson

**Hvítur á leik**



Popov átti leik gegn Smuter í Sovétríkjunum sálugu árið 1988.

**1.Dh6+! Kxh6** [1...Kg8 2.Rf5 gxf5 3.Bxf5]. **2.Rf5+ Kh5** [2...Kg5 3.h4+ Kf4 4.g3+ Kg4 5.f3+ Kxf3 6.Be2#].**3.f4 gxf5 4.Be2+ Kh4 5.Kh2 1-0.** Ingvar Wu Skarphéðinsson varð unglingameistari Reykjavíkur um helgina. Iðunn Helgadóttir varð stúlknameistari. Kviku Reykjavíkurskákmótið hefst á morgun.

**www.skak.is:** Kviku Reykjavíkurskákmótið. ■

## Sudoku

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 4 | | | 9 | | | | 7 |
| 5 | | 8 | | 1 | 7 | | | 9 |
| 6 | | | | | | 8 | | |
| 7 | 8 | | 5 | | | | 3 | |
| 3 | | | 4 | | 2 | | | |
| 2 | | | | | | | | |
| | | | 3 | | 6 | 9 | 8 | |
| | | | 9 | 5 | | | | |
| | 5 | 3 | | 8 | 1 | 2 | 6 | |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | | | 1 |
| | | | 7 | 9 | | | | 8 |
| | | 5 | 3 | | 6 | | | |
| | | | | 5 | | 3 | 1 | 9 |
| | 8 | | | | 9 | 7 | | |
| | | 1 | 2 | | 3 | | 5 | |
| | 3 | | | 2 | | | 8 | |
| 9 | | | | | | 4 | | |
| 1 | | 2 | 8 | | | | | 6 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

## Pondus

Eftir Frode Øverli










ALLIR VINNA

Opið mánud. -fimmtud. frá 08:00-18:00 /
föstudaga 08:00 - 17:00 / Laugard. 10:00-14:00

ÁLFABORG
- allt á gólfið -

Skútuvogi 6
104 Reykjavík
Sími: 568 67 55
alfaborg.is






Textinn er kryddaður með fróðlegum og forvitnilegum þokuheitum.

# Margt býr í þokunni

**LEIKHÚS**

## Þoka

**eftir Aðalbjörgu Árnadóttur, Sölku Guðmundsdóttur og leikhópinn**
**Borgarleikhúsið í samstarfi við leikhópinn Sel**
**Leikstjórn:** Aðalbjörg Árnadóttir
**Leikarar:** Gunnvá Zachariasen og Hilmir Jensson
**Tónlist:** Gunnar Karel Másson
**Leikmynd og búningar:** Brynja Björnsdóttir
**Lýsing:** Ólafur Ágúst Stefánsson
**Dramatúrg:** Salka Guðmundsdóttir

Sigríður Jónsdóttir

> Á heildina litið er Þoka hin ágætasta skemmtun, full af kærleik og ljúfmennsku.

Tað er trolsligt at ganga í mjørka. Hulda Mjørkadal og Karl Karlsson eru vísindafólk í leit að sjaldgæfri þoku á óræðum stað. Á ferðalagi sínu lenda þau í ýmsum ævintýrum, hitta kynjaverur og týnast um stundarsakir í þokunni. Þoka var frumsýnd á Litla sviði Borgarleikhússins fyrir skemmstu. Hún opnar nýja heima fyrir leikhúsgestum og laumar að nokkrum góðum lexíum. Mikil gróska er í barnaleikhúsi um þessar mundir og fjölbreyttar sýningar í boði fyrir yngstu áhorfendurna sem er góð þróun enda eiga þessir ungu gestir slíkt hlaðborð skilið.

### Leikið á tveimur tungumálum

Þoka er samin af Aðalbjörgu Árnadóttur, sem leikstýrir einnig, Sölku Guðmundsdóttur og leikurunum tveimur. Textinn er kryddaður með fróðlegum og forvitnilegum þokuheitum, glás af þjóðsögum og vænum glensskammti. Skemmtilegast er að sýningin er leikin á tveimur tungumálum; færeysku og íslensku. Íslendingar og Færeyingar eru frændþjóðir miklar og gaman er að sjá menningarheimana mætast á leiksviðinu. Tungumálin tvö eru lipurlega saumuð inn í framvinduna en stundum er textaþunginn aðeins of mikill sem hindrar framvinduna. Handritið myndi þola örlitla styttingu í skiptum fyrir meira stuð á leiksviðinu.

Þau Gunnvá Zachariasen og Hilmir Jensson fara með hlutverk vísindafólksins, Huldu og Karls. Samleikur þeirra er hlýr, hress og einlægur. Þau ná góðu sambandi við salinn og við hvort annað. Gunnvá kemur með kraft inn í krefjandi hlutverk þar sem hún tjáir sig á tungumáli sem fæstir í salnum skilja fyllilega. En hún lætur það sko ekki stoppa sig. Hilmir er með bjarta nærveru á sviðinu sem einkennist af blíðu viðmóti og blómstrar í hlutverki Nykursins, algjörlega óborganlegur og bráðfyndinn.

### Sterkt listrænt teymi

Listræna teymið er sterkt en það hefur unnið áður saman að fjölbreyttum sviðslistaverkefnum, til að mynda með leikhópnum 16 elskendum. Eins og áður sagði leikstýrir Aðalbjörg þessu ferðalagi. Hún nær góðum tökum á sýningunni og leikgleðin ræður för. Þoka er upp á sitt besta þegar leikhústöfrunum er sáldrað yfir sviðið. Þar spilar leikmynda- og búningahönnun Brynju Björnsdóttur stórt hlutverk. Botnlaus kista, þokutilraunaglös og alls konar tryllitæki búa til spennu og stuð. Hrafninn Krummi Krummdal er sérstaklega eftirminnilegur og saga Þoku kóngsdóttur lifnar fallega við.

Gunnar Karel Másson sýnir metnað í tónlistarsköpun sinni enda afburðagott tónskáld. Dularfullir tónar í bland við dúndrandi diskó. Vonandi eigum við eftir að heyra fleiri tónverk eftir hann í leikhúsinu á komandi árum. Lýsingarhönnun Ólafs Ágústs Stefánssonar gæðir myrkrið lífi og lokasena Þoku er gullfalleg.

Á heildina litið er Þoka hin ágætasta skemmtun, full af kærleik og ljúfmennsku. Gunnvá og Hilmir kæta áhorfendur með ljúfri nærveru en þó vantar stundum sterkari orku til að áhorfendur hrífist með í ferðalagið. Sýningin hefði þolað eina yfirferð til viðbótar og að Aðalbjörg bætti aðeins meira fjöri í frekar textaþunga framvindu. Þó er margt gott hér á ferð enda býr margt í þokunni. ■

**NIÐURSTAÐA:** Fjörug en stundum fremur textaþung ævintýraferð um ókunnar slóðir.

# Vinnustofusýning í Deiglunni

kolbrunb@frettabladid.is

> Verkin eru flest unnin á plastdúk með akrílitum og klipptækni.

Haraldur Ingi Haraldsson opnar sýningu á nýjum verkum í Deiglunni í Listagilinu á Akureyri 9. apríl klukkan 14.00. Verkin eru flest unnin á plastdúk með akrílitum og klipptækni.

Meðan á sýningunni stendur kemur út eitt stutt vídeó á dag þar sem Haraldur segir frá verkunum á sýningunni og spilar á heimasmíðaða þriggja strengja CB-gítara. Þau er birt á Facebook-síðunni Deiglan 22 sýning.

Haraldur Ingi hefur haldið hátt á fjórða tug einkasýninga. Hann er menntaður í myndlist frá Myndlista- og handíðaskóla Íslands og frá AKI Akademie voor Beeldende Kunst í Enschede, Hollandi, og frá De Vrije Academie Psychopolis í Den Haag, Hollandi. Haraldur Ingi hefur starfað innan myndlistarfagsins stóran hluta starfsferils síns. Hann var fyrsti forstöðumaður Listasafnsins á Akureyri og starfar nú sem verkefnastjóri við safnið. ■




Úr seríunni Lýðskrumarar 2020-2022.



# Coffee Table

## – sígild hönnun frá 1944

Hið víðfræga Coffee Table frá Vitra var hannað af Isamu Noguchi árið 1944 og og hefur verið ein vinsælasta hönnunarvara Pennans síðustu ár.

Borðið er einstaklega fallegt og fæst nú á góðum kjörum til 30. apríl í verslun okkar í Skeifunni 10 og á penninn.is

Fætur borðsins fást í hnotu og svartbæsuðum aski.



**Coffee Table, svartur askur**

Tilboðsverð: 325.000 kr. | Verðlistaverð: 395.000 kr. | Verðlækkun: 70.000 kr.

Penninn Húsgögn

vitra.

penninn.is
Opið virka daga 8:00–18:00

Skeifan 10, Reykjavík
Hafnarstræti 91-93, Akureyri






# Tvítugur Laddi væri líklega í músík og með heimastúdíó

**Sjö hundruð leikskólabörn komu saman í Hörpu í gær og sungu með Þórhalli Sigurðssyni, Ladda, einum ástsælasta skemmtikrafti og gamanleikara þjóðarinnar. Hann segir flutninginn mikinn heiður fyrir sig og nefnir Austurstræti sem sitt eftirlætislag frá ferlinum.**

ninarichter@frettabladid.is


Laddi segir Austurstræti vera sitt eftirlætislag frá ferlinum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

„Ég var hissa og glaður að heyra að þau hefðu áhuga á að taka lögin mín og syngja eitthvað. Að lögin skuli lifa, það finnst mér ofboðslega skemmtilegt,“ segir Laddi um flutning leikskólabarna í Hörpu í tilefni Barnamenningarhátíðar. „Þarna er alveg ný kynslóð að syngja lögin mín. Maður bara tárfellir.“

Laddi segir mikinn heiður að lögin hans hafi verið valin í flutninginn. „Maður átti aldrei von á því, en þessi lög eru mörg af þessum sem ég hef ekki einu sinni flutt opinberlega,“ segir hann. „Þau voru bara sungin inn á plötu.“


Börn af efstu deildum leikskóla Reykjavíkurborgar komu saman í Hörpu í gær og sungu lög Ladda. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**Búkolla ekki samin sem Búkolla**

Börnin fluttu söguna um Búkollu sem Laddi samdi og flutti eftirminnilega, en lagið kom út árið 1981. Lagið er notað í kennslu á yngstu skólastigum og nýtur mikilla vinsælda enn í dag. Aðspurður hvernig standi á því að lagið eldist jafn vel og raun ber vitni, svarar hann: „Sagan um Búkollu er skemmtileg og ég segi hana aðeins öðruvísi. Svo er þetta reggí-lag, sem passar svo vel við þessa sögu,“ segir hann. „Þegar ég samdi þetta lag var ekkert ákveðið að það yrði um Búkollu.“ En þá segist Laddi hafa prófað að semja textann upp úr sögunni sem smellpassaði. „Með þetta deið! Það var bara æði!“

**Austurstræti uppáhaldslagið**

Laddi á tugi laga frá ferlinum, bæði sem flytjandi og höfundur. Hann gaf út safnplötu á 75 ára afmælistónleikum fyrr á árinu. Aðspurður hvort hann eigi sér eftirlætislag frá ferlinum svarar hann að Austurstræti standi upp úr. „Þetta er eitt af mínum fyrstu lögum sem ég tók upp á plötu, sem ég samdi sjálfur,“ segir hann. „Ég lét Móa gamla syngja það.“

**Ætlaði aldrei að verða grínisti**

Laddi segir að líklega væri hann að gera það sama ef hann væri tvítugur í dag, í tónlistarumhverfi sem er ólíkt því sem var á áttunda áratugnum. „Ég væri að gera það sama, í tónlistinni eins og ég ætlaði að vera. Ég veit ekki hvort ég væri endilega í gríninu,“ segir hann. „Ég ætlaði aldrei að gera það. Ég ætlaði að verða tónlistar- og myndlistarmaður.“

Laddi segir grínið hafa komið „bara óvart. Ég var að vinna í sjónvarpinu og þar kynntist ég Gísla Rúnari heitnum, þetta var eiginlega allt honum að kenna,“ segir Laddi og það er greinilegt að hann saknar félaga síns. „Þegar við kynntumst fórum við að grínast svo mikið saman. Þetta kviknaði hjá okkur báðum og við fórum að vinna æðislega mikið saman og unnum alla tíð á meðan hann lifði,“ segir hann.

**Langar í heimastúdíó**

„Ég væri í músíkinni, alveg pottþétt, og sennilega með stúdíó heima hjá mér. Mig hefur alla tíð langað til þess, en ég er ekkert að því af því að ég er ekki hljóðfæraleikari og gæti ekki verið með stúdíó og spilað inn sjálfur.

Þannig að ég læt mér nægja að semja lögin á minn gamla gítar, á mína þrjá hljóma,“ segir hann glettinn. „Einhver sagði að það væri alveg nóg. En ég bætti fjórða gripinu við, þannig að ég kann fjögur grip,“ segir Laddi og hlær. ■

# Mánudagsást og bældar minningar

KVIKMYNDIR

**Skjálfti (2022)**
**Leikstjórn og handrit:** Tinna Hrafnsdóttir

Nína Richter


Aníta Briem í hlutverki aðalpersónunnar Sögu. MYND/SKJÁSKOT

Stóri Skjálfti Auðar Jónsdóttur var að mati gagnrýnenda einn af toppum jólabókaflóðsins 2015. Tinna Hrafnsdóttir hefur gert kvikmynd byggða á bókinni þar sem hún leikstýrir, skrifar handrit og leikur hlutverk.

Bíóunnendur snúa til baka í kvikmyndahúsin eftir samkomutakmarkanir, margir eftir langt hlé. Stærstu kvikmyndaverkefni heims sem hafa lent töfum á síðustu tveimur árum fá loksins að líta dagsins ljós.

Þessi jarðvegur, fyrir bíómynd um leyndarmál og íslenskan fjölskylduharmleik, er annar en á Íslandi 2015, og miðillinn er annar. Því er sá samanburður hugsanlega bæði ósanngjarn og ómarktækur. Andrúmsloftið er þungt undir stríðsfréttum og fólk leitar að nýju jafnvægi. Andrúmsloftið í Skjálfta er líka þungt og framvinda sögunnar er hæg en taktvís.

Aðalpersónan, rithöfundurinn Saga, er í rannsóknarleiðangri í leit að týndum minningum og samhengi í sitt eigið líf. Söguskýringu sem er bæði tilfinningalegs eðlis og rökrétt. Þungamiðjan er móðurástin. Innan um hana liggja þræðir mánudagsástarinnar og streitusamfélagsins. Þöggun er hér lykilorðið.

Aníta Briem fer með hlutverk Sögu og fer fyrir góðum leikhópi. Tinna Hrafnsdóttir, leikstjóri myndarinnar, fer með hlutverk meðvirku systurinnar og foreldrana túlka Edda Björgvinsdóttir og Jóhann Sigurðarson. Benjamín Árni Daðason fer með hlutverk sonarins Ívars. Edda stelur senunni. Við þekkjum öll þessa konu sem kyngir öllu og kvartar aldrei, með efri vörina titrandi og hvíta hnúa. Í Skjálfta er virkilega vel unnið með förðun og búninga. Hvað varalitur getur sagt mörg orð á leikara sem þegir, ber vandaðri vinnu gott vitni. ■

**NIÐURSTAÐA:** Skjálfti er vel unnið og vandað raunsæisdrama um þöggun, áföll og úrvinnslu, og skartar gölluðum kvenpersónum sem er alltaf ánægjulegt. Áferð bókarinnar dettur stundum í gegn, til dæmis varðandi uppsetningu á persónugalleríi, en það skemmir ekki fyrir verkinu. Reykjavík nýtur sín vel sem aukapersóna og leikarar skila sínu.

**AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Guðmundur Örn Jóhannsson *gudmundur@torg.is*, **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Andrés Bertelsen *andres@frettabladid.is*, Auður Húnfjörð *audur@frettabladid.is*, Reynir Elís Þorvaldsson *reynir@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5078:** Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is* FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI: Elín Albertsdóttir *elin@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, **TÍMAMÓTA- OG ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*

# RISA TAX FREE DAGAR*

30.mars til 6.apríl

ORMSSON

Lágmúla, Akureyri og ormsson.is

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti

frettabladid.is
550 5000
RITSTJÓRN ritstjorn@frettabladid.is
AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is
PRENTUN Torg ehf.
DREIFING Póstdreifing ehf.
dreifing@postdreifing.is

FASTEIGNASALAN TORG
KRAFTUR TRAUST ÁRANGUR

## Bakþankar



Kristbjargar Þórisdóttur

# Lúsífer-áhrifin

Árið 2008 hitti ég Philip Zimbardo, sem er frægur fyrir Stanford-fangatilraunina frá 1971, á ráðstefnu í Berlín. Í tilraun sinni skipti hann háskólanemum í hópa af föngum og fangavörðum og lét þá dvelja í eftirlíkingu fangelsis í kjallara Stanford. Fangavörðunum var sagt að nota aðferðir til þess að hafa vald yfir föngunum meðal annars með því að svipta þá svefni, setja þá í einangrun, láta þá sofa á gólfinu, gera þarfir sínar í fötu og fleira. Sjálfur lék Zimbardo hlutverk yfirmanns fangelsisins.

Með þessari tilraun sýndi Zimbardo fram á hvernig þátttakendur fóru meira og meira inn í hlutverk sín og hvernig venjulegt fólk getur farið yfir mörk hins illa við ákveðnar aðstæður, nefnt Lúsífer-áhrifin. Á endanum var það núverandi eiginkona hans sem bað hann að stöðva tilraunina sem komin var yfir eðlileg mörk siðferðis. Zimbardo vildi sýna hvernig fólk getur gert hrottalega hluti undir ákveðnum skilyrðum. Tíu árum áður hafði Stanley Milgram sýnt fram á það í frægri tilraun að þátttakendur voru tilbúnir að gefa fólki banvænt raflost ef aðili í hlutverki yfirmanns fyrirskipaði það. Þessar sálfræðitilraunir eru áhugaverðar í ljósi þess sem er að gerast í Úkraínu.

Hvað fær rússneska hermenn til þess að framkvæma það sem þeir gerðu í Bucha og víðar í Úkraínu? Hvað fær menn til þess að svipta börn sakleysi sínu um öruggan heim og fólk lífi sínu? Það sem skiptir kannski mestu máli er hins vegar, hvernig er hægt að fá sömu menn undan oki hins illa og til að sýna hetjudáð. Er hægt að enda stríðið innan frá? ■




